### Tilraun nr. 797-02. Jarðvinnslutilraun.

Jarðvinnslureitir eru 7×14 m. Liðir c og d voru plægðir 6. nóv. 2002. c- og e-reitir voru herfaðir og d-reitir tættir 18. maí, byggi (Skeglu) sáð og borið á 19. maí og valtað daginn eftir. Áburður var 60 kg N/ha í Græði 5. Borið var á gras 24. maí um 100 kg/ha í Græði 6.

Gæsir komust í kornreiti og spilltu mestu af uppskerunni. Aðeins náðist að skera 2 m<sup>2</sup> reiti með höndum úr einni blokk af fjórum 15. sept. Kornþungi var 44 mg og rúmþyngd 67 g/100 ml. c- og d-reitir voru plægðir 6. okt. e-reitir voru úðaðir með örgresisefni 7.10.

		Pe. hkg/ha		
	Slegið:	23.6.	11.8.	Alls
a. Gamalt tún		33,0	31,1	64,1
b. Vallarfoxgras, sáð 2002		43,6	23,5	67,0
Staðalsk. mism.		2,9	2,0	4,0

		Pe. hkg/ha		
		Korn	Hálmur	Alls
c. Plægt og herfað árlega		24	33	57
d. Plægt og tætt árlega		29	36	65
e. Byggi ísáð		16	22	38



## Sáðskipti og ræktun (132-9504)

### Tilraun nr. 794-02. Rauðsmári, sáðtími, sáðmagn.

Markmiðið er að meta áhrif sáðtíma og sáðmagns rauðsmára á uppskeru og endingu rauðsmáratúns. Sáð var 15. maí, 15. júní og 15. júlí 2002 Betty rauðsmára í blöndu með Öddu vallarfoxgrasi. Sáðmagn grassins var ávallt 15 kg/ha, en sáðmagn rauðsmára mismikið: 6 kg, 9 kg, 12 kg eða 15 kg á ha. Endurtekingar eru 3.

Tekin voru borsýni úr sverði að hausti sáðárið og aftur vorið eftir, til að meta þekju og styrk smárans. Þær mælingar sýndu að of seint er að sá 15. júlí og sáðmagn hefur lítið sem ekkert að segja. Því öflugri sem smáraplönturnar verða sáðárið því betur vegnar þeim.

Tilraunin var uppskorin á hefðbundinn hátt í tvö ár. Bæði árin hafði sáðtími áhrif á uppskeru, en þó ekki í sömu átt. Fyrri árið er uppskera mest við fyrsta sáðtíma, en það síðara snýst dæmið við. Árið 2003 var metuppskeruár og má reikna með að allir reitir hafi náð góðri þekju og öflugum plöntum það ár, hvernig sem þeir voru staddir um vorið.

2003		Uppskera, hkg/ha			Smári, %	Illgresi, %
Sáðdagur	1. sl.	2. sl.	Alls			
15. maí	59,3	24,9	84,2	55	2	
15. júní	54,4	25,3	79,7	42	1	
15. júlí	43,3	26,5	69,8	37	7	
Meðaltal	52,3	25,6	77,9	45	3	
Staðalsk. mism.	2,69	0,98	3,26	2,7	1,0	
Sáðmagn smára						
6 g	48,8	23,8	72,6	39	4	
9 g	52,2	25,4	77,6	42	3	
12 g	54,4	26,3	80,8	47	4	
15 g	53,7	26,8	80,5	51	3	
Meðaltal	52,3	25,6	77,9	45	3	
Staðalsk. mism.	3,10	1,13	3,76	3,1	1,2	
2004						
2004		Uppskera, hkg/ha			Smári, %	Illgresi, %
Sáðdagur	1. sl.	2. sl.	Alls			
15. maí	31,8	8,5	40,3	64	2	
15. júní	33,9	9,3	43,2	68	2	
15. júlí	39,7	10,5	50,2	70	2	
Meðaltal	35,1	9,4	44,6	67	2	
Staðalsk. mism.	1,60	0,90	1,73	2,8	0,6	
Sáðmagn smára						
6 g	36,8	7,9	44,7	62	2	
9 g	35,6	7,9	43,5	63	2	
12 g	34,8	10,8	45,5	74	2	
15 g	33,3	11,2	44,5	71	2	
Meðaltal	35,1	9,4	44,6	67	2	
Staðalsk. mism.	1,85	1,03	2,00	3,3	0,7	

### Tilraun nr. 794-03. Rauðsmári, sáðtími, sáðmagn.

Sáð var í hliðstæða tilraun við 794-02 sumarið 2003 og var þá bætt við reitum með hreinu vallarfoxgrasi og rýgresi. Borsýni voru tekin haust 2003 og aftur að vori. Niðurstöður voru

þær sömu og úr fyrri tilrauninni. Of seint er að sá um miðjan júlí þar sem stærð smáraplantna ræður mestu um lifun og virðist fjöldi ekki hafa áhrif. Þegar niðurstöður þessara tveggja tilrauna eru skoðaðar saman sést samspil sem gæti bent til að tíðarfar ráði niðurstöðunni ekki síður en sáðtími eða sáðmagn.

Niðurstöður eru birtar annars vegar fyrir smárablöndur og hins vegar fyrir hreinu grasreitina.

### Smári og vallarfoxgras

Haust 2003	Sáðtími			p-gildi
	15. maí	15. júní	15. júlí	
Fjöldi smáraplantna á m <sup>2</sup>	280	293	291	em
mg/plöntu	280	187	55	<0,001
Grassprotar á m <sup>2</sup>	4991	5083	3815	em
<b>Vor 2004</b>				
Fjöldi smáraplantna á m <sup>2</sup>	450	405	177	<0,001
mg/plöntu	446	210	54	<0,001
Grassprotar á m <sup>2</sup>	5964	6509	7753	0,018

Haust 2003	Sáðmagn rauðsmára				p-gildi
	6 g	9 g	12 g	15 g	
Fj. smáraplantna á m <sup>2</sup>	192	204	295	462	<0,001
mg/plöntu	176	175	156	190	em
Grassprotar/m <sup>2</sup>	4939	4147	4605	4826	em
<b>Vor 2004</b>					
Fj. smáraplantna á m <sup>2</sup>	255	334	374	413	em
mg/plöntu	252	246	216	232	em
Grassprotar á m <sup>2</sup>	6671	6507	6389	7402	em

### Hreint gras

Grassprotar/m <sup>2</sup> , haust 2003	Sáðtími		
	15. maí	15. júní	15. júlí
Vallarfoxgras	10380	5160	5293
Rýgresi	6605	6723	7519
Staðalskekkja mismunarins	994,3		
<b>Grassprotar/m<sup>2</sup>, vor 2004</b>			
Vallarfoxgras	6222	7991	6030
Rýgresi	7136	7328	5971
Staðalskekkja mismunarins	1154,0		

Uppskera fyrsta ár fylgir sama mynstri, uppskera minnst og illgresi mest þar sem sáð var 15. júlí. Munur eftir sáðmagni smárans hins vegar sáralítill. Heildaruppskeran er mun minni en 1. árs uppskera tilraunar 794-02. Það skýrist líklega af tíðarfari sumarið 2003, sem var afburðasprennuár, en 2004 um meðallag. Uppskera hreinu grasstofnanna raðast á sama hátt. Illgresis-hlutfall er þó nokkuð hærra, sérstaklega í rýgresi, nema við fyrsta sáðtíma.

**2004, smári og vallarfoxgras**

Sáðdagur	Uppskera, hkg/ha			Smári, %	Illgresi, %
	1. sl.	2. sl.	Alls		
15. maí	37,4	13,8	51,2	41	2
15. júní	31,6	12,3	43,9	28	3
15. júlí	23,6	5,4	29,0	6	19
Meðaltal	30,9	10,5	41,4	25	8
Staðalsk. mism.	1,77	0,96	1,99	2,6	1,6
Sáðmagn smára					
6 g	30,1	9,3	39,4	21	6
9 g	30,1	9,6	39,7	24	9
12 g	30,4	11,3	41,7	25	8
15 g	33,0	11,6	44,6	30	8
Meðaltal	30,9	10,5	41,4	25	8
Staðalsk. mism.	2,05	1,10	2,19	3,0	1,8

**2004, hreinar grastegundir**

Sáðdagur	Uppskera, hkg/ha				Uppskera, hkg/ha		Illgresi, %	
	1. sl.	2. sl.	Alls	Illgresi, %	Vfox.	Rýgr.	Vfox.	Rýgr.
15. maí	52,4	24,2	76,6	3	67,7	85,5	3	2
15. júní	44,7	27,1	71,8	12	63,4	80,2	7	17
15. júlí	38,2	27,4	65,6	21	57,5	73,8	20	23
Meðaltal	45,1	26,3	71,3	12	62,9	79,8	10	14
Staðalsk. mism.	3,86	2,20	4,41	3,6	6,24		5,1	
Grastegund								
Vallarfoxgras	46,6	16,3	62,9	10				
Rýgresi	43,6	36,2	79,8	14				
Meðaltal	45,1	26,3	71,3	12				
Staðalsk. mism.	3,15	1,79	3,60	3,0				

**Tilraun nr. 878-03. Vallarfoxgras, vallarrýgresi og rauðsmári, Hvanneyri.**

Sáð var í þessa tilraun sumarið 2003. Sáðmagn var 25 kg af vallarfoxgrasi (Engmo og Vega), 35 kg af vallarrýgresi (Barista) og 9 kg af rauðsmára (Bjursele). Í blöndum var fullt sáðmagn beggja stofna. Áburður á smáralausa reiti var 60N, 30P og 60K, en á smáralausa reiti 20N, 30P og 60K, allt kg/ha. Í tilraunina kom nokkur arfi sem var sleginn niður og virtist það ríða honum að fullu. Uppskera 2003 var ekki mæld.

Borið var á tilraunina 17. maí 2004 og var áburður á smáralausa reiti 650 kg/ha í Græðir 8 (117 N, 25 P og 76 K). Reitir með smára fengu 20 N, 30 P og 80 K. Fyrri sláttur var 28. júní. Þá var um 10% vallarfoxgrassprota skriðinn, en ámóta hlutfall ekki hafinn skrið. Seinni sláttur var 3. september, en þá var vallarfoxgras farið að sölna nokkuð. Hlutdeild smára í uppskeru var óverulegt. Mikið var lifandi af smára, en plönturnar voru mjög litlar og hluti þeirra í uppskeru mjög lítill, en var ekki mældur.

Liður	Stofn/blanda	1. sl.	2. sl.	Samtals
a.	Engmo	65,8	18,5	84,2
b.	Engmo + Bjursele	53,8	19,8	73,6
c.	Vega	64,9	20,4	85,3
d.	Vega + Bjursele	49,0	19,1	68,1
e.	Barista	61,3	29,5	90,8
Staðalskekkja		2,44	0,44	2,37

### Tilraun nr. 879-03. Sáðtímar vallarfoxgrass og rauðsmára, Hvanneyri.

Sáð var í þessa tilraun sumarið 2003. Á stórreitum eru sáðtímar samanber töfluna og á smáreitum annars vegar (a) hreint Engmo vallarfoxgras (25 kg/ha) og hins vegar (b) með sama skammt af Engmo auk 9 kg/ha af Bjursele rauðsmára. Áburður við sáningu var á a-liði 60N, 30P og 60K, en á b-liði 20N, 30P og 60K, allt kg/ha.

Allir reitir spruttu það mikið sáðsumarið að slá varð þá niður, en einn tilgangur tilraunarinnar var að kanna hve seint þurfi að sá til að nýræktin geti fengið frið árið sem sáð var. Áburður 2004 var á a-reiti 117N, 25P og 76K í Græði 8, en b-reitir fengu 20N, 30P og 80K, allt kg/ha. Áburðardagur var 18. maí. Fyrri sláttur var 28. júní og seinni sláttur 3. september. Talsvert var af lifandi rauðsmáraplöntum í blöndureitum, en hlutdeild smárans í uppskeru var óverulegur og ekki greindur eftir sáðmeðferð.

Staðalskekkja er reiknuð eftir skipan þáttatilraunar, en skekkja stór- og smáreita var áþekk.

Sáðtími	Tegund	1. sl.	2. sl.	Samtals
1. júní 2003	a	83,1	21,3	104,4
1. júní 2003	b	61,6	19,2	80,8
15. júní 2003	a	70,2	23,6	93,8
15. júní 2003	b	61,2	23,1	84,3
1. júlí 2003	a	68,9	22,7	91,6
1. júlí 2003	b	57,3	20,4	77,6
15. júlí 2003	a	64,2	19,6	83,8
15. júlí 2003	b	44,8	19,4	64,2
1. ágúst 2003	a	71,1	31,6	102,7
1. ágúst 2003	b	57,5	26,2	83,7
<i>Staðalskekkja</i>		<i>2,72</i>	<i>1,63</i>	<i>3,02</i>

### Framleiðslukerfi með fóðurbelgjurtum (132-9498)

#### Tilraun nr. 753-02/03. Sáðblöndur grass og belgjurta í tún.

2002.

Sameiginleg tilraun í COST 852 vinnuhópi (ID-13). Tilraunin kom vel undan vetri. Sjónmat á reitunum var gert einu sinni um sumarið. Hver tegund var metin sem prósent af þekju. Grunnreitirnir 30 voru slegnir tvisvar, 1. júlí og 18. ágúst. Viðbótarreitirnir 18 voru slegnir þrisvar, 1. júlí, 20. júlí og 18. ágúst. Klipptar voru fjórar rendur (0,1×1 m) í hverjum reit. Sýnin voru greind í tegundir, þurrkuð og uppskera mæld. Sýni úr 18 reitum (frá 2003) úr 1. og 2. slætti voru send til Þýskalands til niturmælinga. Niðurstöður hafa borist. Þórdís Anna Kristjánsdóttir sat námskeið í háskólanum í Dublin haustið 2004 þar sem kenndar voru tölfræðilegar aðferðir til að vinna úr gögnum úr þessari tilraun.

	Uppskera, t/ha		Illgresi, %	
	2003	2004	2003	2004
Hreinrækt	4,0	3,0	41	49
Blanda	5,1	3,6	6	6
Jafnt sáðmagn	5,3	4,1	3	3
Sláttumeðferð				
Tvislegið	5,0	3,7		
Þrislegið	4,1	2,9		

2003.

Sameiginleg tilraun í COST 852 vinnuhópi (ID-14). Vöxtur fór seint af stað um vorið og nánast allur rauðsmári er horfinn úr tilrauninni. Sjónmat á reitunum var gert tvisvar um sumarið, 5. júlí og 16. ágúst. Vegna þess hve sprettan var lítil um vorið var áburðarskammturinn aukinn í 40N Blákorn að vori og 40N Kjarna eftir slátt. Allir 44 reitirnir voru slegnir tvisvar, 5. júlí og 17. ágúst. Fastir 0,25 m<sup>2</sup> reitir eru merktir með álplötum og uppskera innan þeirra var klippt, greind til tegunda og þurrkuð. Til þess að meta uppskeru úr hverjum reit var afgangurinn af reitnum sleginn með sláttuvél. Alls 18 reitir voru vökvaðir með 15N til að meta niturbindingu. Þau sýni verða send til útlanda til efnagreininga. Einnig verða sýni úr sömu reitum og í tilraun 753-02 send til Þýskalands til að mæla heildarnitur.

	Uppskera, t/ha	Illgresi, %
	2004	2004
Hreinrækt	1,8	60
Blanda	2,7	5
Jafnt sáðmagn	2,4	6
Erfðagrunnur		
Þröngur	2,6	
Víður	2,2	

**Flutningur niturs á milli smára og grass.**


Niðurstöður úr mastersverkefni Þóreyjar Gylfadóttur sýna að umtalsverður flutningur á nitri á sér stað milli hvítsmára og vallarsveifgrass. Allt að 56% af nitri grassins var komið frá smáranum en sambærileg tala fyrir smára var 7,5%. Þetta samsvara allt að 34 N kg/ha flutningi frá smára og 4 N kg/ha flutningi frá grasi. Þessar tölur eru í samræmi við niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið erlendis. Magntölurnar eru þó heldur lægri hér sem má skýra með minni uppskeru hérlendis. Gert verður grein fyrir lokaniðurstöðu verkefnisins í jarðræktarskýrslu 2006.

**Örverur.**

Tilraunin í Hrosshaga var slegin tvisvar sumarið 2004, 15. júlí og 7. október. Tilrauninni er þar með lokið. Af því tilefni voru teknar saman niðurstöður úr þremur tilraunum sem gerðar hafa verið á RALA á árunum 1998–2004 þar sem tilgangurinn var að prófa mismunandi *Rhizobium* stofna með rauðsmára og hvítsmára. Vísað er í grein með veggspjaldi sem kynnt var á fræðaðingum landbúnaðarins í febrúar 2005. Niðurstöður, þar sem bornir voru saman alls 5 *Rhizobium*-stofnar, gefa til kynna að finnskur sölustofn (PL) sé virkastur með rauðsmára en norður-norskur tilraunastofn (M) og sænskur sölustofn (HL) séu virkastir með hvítsmára.

Ekki var marktækur munur á þeim reitum sem fengu mólýbden og þeim sem fengu engan mólýbden-áburð.

Meðaltal uppskeru af smára úr þremur tilraunum í hlutfalli af meðaluppskeru (g, þe./m<sup>2</sup>)



## Lúpína til uppskeru og iðnaðar (132-9492)

### Tilraun nr. 788-00. Sláttutími á lúpínu, Korpu.

Alaskalúpína, sem var gróðursett vorið 1998, var nú slegin í fimmta og síðasta sinn, samreittir eru 3. Tilraunaliðir slegnir fyrir miðjan ágúst 2000 féllu úr á fyrsta ári. Gróður á þeim er fjölbreyttur og gróskumikill og sumarið 2003 voru nokkrir reitir teknir til uppskerumælingar á þrem mismunandi tímum. Þann 23. ágúst voru allir reitir slegnir, sýni tekin úr uppskerunni og greind í lúpínu, gras og annan gróður. Af öðrum gróðri var mest um fífil og njóla, einnig var vallhumall, umfeðmingur o.fl. Allt þar til 2003 var mest um hundasúru, en 2004 var hún nærri horfin.

	Slegið				Uppskera lúpínu, þe. hkg/ha					Hludeild í uppskeru		
	2000	2001	2002	2003	2000	2001	2002	2003	2004	Lúpína	Gras	Annað
f.	4.9.	5.9.	3.9.	2.9.	55,4	53,1	46,1	41,8	39,5	79	20	1
g.	4.10.	5.10.	15.10.	15.10.	35,1	44,1	31,3	48,0	43,7	82	16	2
h.	4.10.	16.8.	15.10.	21.8.	35,5	72,0	26,6	39,9	46,1	54	45	1
i.	Ekki sl.	16.8.	16.8.	21.8.		72,5	47,3	46,6	41,7	40	54	6
	Lúpínusnauðir reitir			21.8.				52,5	30,7	8	79	13
	sl. 2003 og 2004			2.9.				58,8	36,1	38	57	5
			15.10.					43,0	51,7	45	52	3
Sl. 2004 (6 reitir)									55,8	19	74	6
Staðalsk. mism.					3,4	4,9	5,0	8,1	9,4	14,6	14,9	4,8

Þau mistök urðu í slætti í ágúst 2003 að slegnir voru tveir reitir sem átti að slá seinna, annan í sept. og hinn í okt. Þessir reitir eru teknir með í uppgjöri nú eins og ekkert hafi út af borið þótt lúpína á þeim sé aðeins 47 og 48% en 97% á öðrum reitum með sömu meðferð og uppskeran á þeim 18 og 28 hkg/ha borið saman við 51 hkg/ha. Þessi mismunur er hins vegar í nokkru samræmi við annan landmun innan tilraunarinnar og því óvíst hvort réttara er að taka reitina með eða sleppa þeim. Mikið meira bar nú en áður á lúpínu í reitum sem voru slegnir 17. júlí og 2. ágúst 2000. Svo virðist sem hún hafi einkum komið aftur þar sem slegið var í sept.-okt. 2003. Munur er þó einnig eftir sláttutímum 2000, lúpína er <2% í 5 af 9 reitum sem voru slegnir 17. júlí en >10% í öllum reitunum 6 sem voru slegnir 2. ágúst og meðaltölin eru 21 og 34%. Mismunurinn á hlutdeild illgresis eftir slt. 2000 er ennþá greinilegri, 9,1 og 2,7% á reitum slegnum 17. júlí og 2. ágúst 2000.

### Tilraun nr. 785-99. Áburður á lúpínu, Geitasandi.

Gróðursett var í 32 reiti vorið 1999 á snauðu landi þar sem lúpína hefur ekki náð að breiðast út þótt hún vaxi í grennd. Reitir eru 2×5 m og 33×50 sm milli plantna.

Borið hefur verið á tvo tilraunaliði árlega frá upphafi tilraunarinnar. Vorið 2003 var borið á þrjá tilraunaliði til viðbótar. Með hliðsjón af niðurstöðum 2003 var ákveðið að bera PKS á tvo liði í viðbót og bera saman mismikinn brennisteinsáburð. Borið var á 13. maí 2004. Uppskera var mæld 2. sept. bæði árin.

	Áburðarefni, kg/ha	Uppskera þe. hkg/ha	
		2003	2004
a.	P 20 árlega frá 1999	33,5	10,5
b.	P 20 árlega, N 33 til 2002	25,0	9,4
c.	K 42 frá 2003	22,7	8,5
d.	K 42, S 18 frá 2003	33,6	22,8
e.	P 20, K 42, S 18 frá 2003	38,2	24,3
f.	P 20, K 42, S 9 frá 2004	20,3	12,4
g.	P 20, K 42, S 18 frá 2004	25,9	16,1
h.	Án áburðar bæði ár	20,8	8,6
	Staðalsk. mismunar	4,1	4,0

Á c-lið var notað kalíklóríð og brennisteinssúrt kalí á d- til g-lið. Við slátt voru reitir sem fengu brennistein enn grænir en aðrir farnir að gulna. Lúpína lifir nokkuð vel á reitum sem fengu brennistein 2003. Liðir sem fengu áburð frá upphafi (a- og b-) hafa gisnað nokkuð jafnt. Aðrir reitir eru mun misjafnari, bæði c- og h-reitir sem aldrei hafa fengið brennistein og f- og g-reitir sem fengu brennistein aðeins seinna árið. Helmingur reitanna sem fengu S-áburð 2004 var svo gisinn að þeir gáfu aðeins 7 til 11 hkg/ha þótt bætt væri úr S-skorti, og fjórir lökustu reitirnir án S-áburðar gáfu aðeins 2 til 5 hkg/ha.

#### Tilraun nr. 902-03. Uppskerumæling á vallarfoxgrasi.

Í tengslum við þetta verkefni var lífmassi vallarfoxgrass mældur á ýmsum tímum frá 20. ágúst 2003 til vors 2004 og eftirverkun var mæld 25. júní. Niðurstöður birtast í kaflanum túnrækt bls. 23.

## Sáðskipti og ræktun (132-9504)

Vor og sumar 2004 var tíðarfar með ágætum og vantaði lítið upp á að það jafnaðist á við hlýindaárið 2003. Jörð var klakalítill og norðanlands var korni sáð að mestum hluta í apríl. Sunnanlands var apríl mjög úrkomusamur og þar dróst kornsáning sums staðar langt fram í maí og kom það niður á uppskerunni. Kuldakast gerði í byrjun maí, en kom ekki að sök. Sáð var í korntilraunir á vegum Rala á bilinu 23. apríl til 19. maí, þó var búið að sá í langflestar þeirra fyrir 7. maí.

Sumarið mátti heita gott um land allt, hvarvetna hlýtt en heldur þurrt fyrir norðan. Í annarri viku ágúst gerði óvenjulega hitabylgju og féllu hitamet víða. Hitabylgjan virtist þó ekki hafa afgerandi áhrif á kornþroska. Kornskurður byrjaði víða um 20. ágúst. Þann 16. september gerði aftakaveður með slagviðri. Þá var kornskurður langt kominn um allt land, en það sem þá var óskorið fór forgörðum að miklum hluta. Sérstaklega átti það við um kornakra sunnanlands og dregur það meðaluppskeruna niður. Korntilraunir Rala voru skornar á bilinu frá 5. til 23. september. Um það bil helmingur tilrauna var óskorinn þegar veðrið gerði þann 16. september.

Meðalhiti sumarmánaðanna fimm, maí til september, varð jafnhár og sumarið 2003 eða um heilu stigi hærra en meðalhiti sömu mánaða á hlýindaskeiðinu 1931–60. Kornuppskera varð því mjög góð, þó misjöfn, mun betri norðanlands en sunnan. Tíðarfar til kornskurðar var stopult sunnanlands og því tapaðist mikið af korni þar í veðrinu 16. september. Korn var víða skorið þurrara en menn eiga að venjast og þurrkun gekk mjög vel.

Tilraunareitir með korni voru í allt í allt um 1300, þar af tæplega 600 á Korpu.

### Tilraun nr. 125-04. Samanburður á byggyrkjum.

Samunburður byggyrkja hefur tvennan tilgang. Annars vegar er leitað eftir nýjum erlendum yrkjum sem að gagni gætu komið í íslenskri kornrækt og hins vegar eru íslenskar kynbótalínur reyndar í sömu tilraunum og erlendu yrkin. Í ár var sáð í 7 tilraunir í þessari tilraunaröð. Þær voru á eftirtöldum stöðum:

Tilraunastaður	Skammstöfun	Land	Áburður		Sáð	Uppskorið
			kg N/ha	Teg.		
Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum	<b>Þor</b>	sandmýri	90	Gr.5	3.5.	14.9.
Korpu í Mosfellssveit	<b>Kmel</b>	melur	90	Gr.5	5.5.	21.9.
Korpu í Mosfellssveit	<b>Kmýr</b>	mýri	60	Gr.5	6.5.	22.9.
Hvanneyri í Borgarfirði	<b>Hva</b>	mýri	60	Gr.5	7.5.	20.9.
Vindheimum í Skagafirði	<b>Vin</b>	sandur	120	Gr.6	28.4.	6.9.
Miðgerði í Eyjafirði	<b>Mið</b>	mólendi	90	Gr.5	27.4.	8.9.
Grundargili í Reykjadal	<b>Gru</b>	mólendi	60	Gr.5	26.4.	8.9.

Sáð var með raðsáðvél í allar þessar tilraunir. Sáðmagn var 200 kg/ha og reitastærð 10 m<sup>2</sup>. Tilraunirnar voru skornar með þreskivél. Þá var allur reiturinn skorinn, uppskera vegin, og eitt sýni tekið til að ákvarða þurrefni og kornhlut. Samreitir voru 3 hvarvetna nema á mýri á Korpu, þar voru þeir 4.

Í þessum tilraununum voru níu íslenskar kynbótalínur og tvö yrki, Kría og Skegla. Önnur yrki í þessum tilraunum voru norsk (Arve, Olsok, Gaute, Tiril, Lavrans, Ven, Nina og þrjár línur merktar Nk), sænsk (Minna, Judit, Filippa, Rekyl og lína merkt Sw), finnsk (Rolfi og Saana) og Golden promise frá Skotlandi. Nöfn á sexraðayrkjum eru skáletruð. Eins og áður er yrkjum og tilraunastöðunum raðað í töfluna eftir uppskeru.



Ýmsar mælingar, sem birtar eru á næstu síðu undir fyrirsögninni Þroski, eru meðaltal allra tilraunanna sjö. Skriðdagur var þó aðeins skráður í tilraununum tveimur á Korpu. Meðalskriðdagur var 16,4 (dagsetning í júlí) á melnum, en 17,6 á mýrinni.

Yrki/staður	Kornuppskera, hkg þe./ha							
	Gru	Þor	Vin	Mið	Hve	Kmýr	Kmel	Mt.
1. Skúmur I	99,7	66,6	62,4	69,5	59,6	32,3	29,8	57,1
2. Skúmur III	97,9	60,0	68,2	62,0	54,8	39,2	34,3	57,1
3. Skúmur II	–	59,9	60,2	63,3	47,4	39,1	35,2	55,0
4. Rekyl	–	61,3	64,3	–	–	33,8	38,3	54,2
5. Judít	–	–	57,1	63,6	52,1	30,0	–	53,2
6. Teista I	–	66,1	59,2	49,6	–	40,9	39,1	53,2
7. Lóa I	–	59,8	62,4	45,5	–	35,3	36,3	53,1
8. Kría	85,2	61,8	55,9	49,3	48,0	38,0	34,0	53,1
9. Nk97624	–	–	64,8	56,1	46,0	31,8	–	52,2
10. Saana	–	58,6	–	–	48,4	37,5	34,0	51,9
11. Uгла	–	58,5	62,4	47,9	–	33,0	33,7	51,7
12. Teista II	–	57,2	54,3	48,5	–	40,0	34,7	49,8
13. Ven	86,8	59,2	66,9	56,2	40,1	34,3	23,1	49,7
14. Minna	–	–	52,7	50,3	51,9	33,7	–	49,6
15. Gold. prom.	71,6	62,5	60,3	52,0	–	34,7	37,8	49,4
16. Nina	94,7	59,8	54,3	56,0	38,9	34,2	25,5	49,2
17. Tiril	94,1	–	53,4	54,4	–	26,5	–	49,0
18. Erla	–	55,6	52,8	47,7	–	36,0	36,8	49,0
19. Rolfi	85,5	–	–	–	43,1	36,2	–	48,6
20. Nk00021	–	–	52,3	44,8	52,3	32,6	–	48,0
21. Filippa	74,9	64,2	50,3	47,1	45,1	29,7	35,7	46,9
22. Nk96748	–	–	48,6	48,0	43,1	37,3	–	46,7
23. Gaute	85,3	49,4	–	50,2	–	29,0	–	44,9
24. Skegla	72,9	56,5	47,2	46,9	43,3	33,1	32,1	44,8
25. Lavrans	85,5	57,2	49,4	41,9	32,7	34,3	30,7	44,7
26. Sw98108	–	–	47,8	52,0	40,9	27,0	–	44,4
27. Olsok	89,3	49,4	53,1	52,2	42,6	30,2	19,4	43,1
28. Arve	97,5	43,4	44,0	55,4	33,8	23,5	13,9	41,8
29. Hrútur II	66,3	–	–	–	–	21,2	–	32,4
Meðaltal	88,2	58,1	56,1	52,7	45,9	33,8	31,2	52,3
Staðalfrávik	6,88	2,88	5,08	6,43	5,12	3,46	3,68	
Fritölur	18	38	38	38	46	87	38	

Yrki	Þroski				
	Þúsund korn, g	Rúmþyngd, g/100ml	Þurrefni, %	Þroska- einkunn	Skrið á Korpu í júlí
1. Uгла	45	72	72	189	15
2. Skegla	42	70	73	185	13
3. Kría	41	72	72	185	16
4. Teista I	41	70	70	181	16
5. Lóa I	42	68	70	180	18
6. Teista II	40	68	71	179	14
7. Erla	39	70	70	179	17
8. <i>Nk97624</i>	39	65	74	178	18
9. Filippa	46	68	63	178	20
10. <i>Minna</i>	38	65	75	178	18
11. <i>Tiril</i>	37	64	76	177	17
12. <i>Nk96748</i>	36	63	76	176	18
13. <i>Hrútur II</i>	35	64	77	175	5
14. <i>Olsok</i>	36	63	75	174	18
15. <i>Ven</i>	37	67	70	174	22
16. <i>Lavrans</i>	37	65	72	174	15
17. <i>Arve</i>	35	62	77	174	15
18. <i>Rekyl</i>	44	68	62	174	20
19. <i>Nk00021</i>	33	66	75	173	17
20. <i>Gaute</i>	38	62	72	173	19
21. <i>Saana</i>	41	66	66	173	23
22. <i>Nina</i>	38	63	71	172	21
23. <i>Rolfi</i>	34	63	75	172	15
24. <i>Sw98108</i>	38	62	72	172	17
25. <i>Skúmur II</i>	35	64	71	170	17
26. <i>Judit</i>	37	58	74	169	17
27. <i>Skúmur III</i>	36	63	68	167	17
28. <i>Golden promise</i>	37	66	63	166	21
29. <i>Skúmur I</i>	34	58	71	163	15
Tilraunir					
1. <i>Vindheimum</i>	41	69	78	188	
2. <i>Miðgerði</i>	44	70	69	183	
3. <i>Korpu á mel</i>	36	65	77	177	
4. <i>Hvanneyri</i>	41	66	69	176	
5. <i>Þorvaldseyri</i>	37	65	68	170	
6. <i>Grundargili</i>	42	67	58	168	
7. <i>Korpu á mýri</i>	33	61	73	167	
Meðaltal	39	66	70	176	

#### Tilraun nr. 800-04. Samanburður á kynbótaefniviði.

Kynbótaefniviður var reyndur í tveimur tilraunum á Korpu í reitum af fullri stærð, þ.e. 10m<sup>2</sup>. Í fyrri tilrauninni voru kynbótalínur, sem voru í fyrsta sinn í tilraun af þessu tagi, og til samanburðar eldra kynbótakorn. Samreitir voru tveir, ef nægilegt sáðkorn var til, annars einn. Sáð var 23. 4. og skorið 27.9.

	Korn, hkg þe./ha	Þúsk., g	Rúmþ., g/100ml	Þurrefni, %	Skrið í júlí
<u>Í tveimur samreitum</u>					
1. y243-6	64,3	37	68	69	17
2. y231-6	63,8	41	67	67	18
3. y222-3	61,9	33	65	68	16
4. y243-4	59,3	38	69	68	18
5. y243-8	58,1	39	68	70	14
6. y229-3	56,5	38	65	70	20
7. y234-2	55,1	38	64	65	16
8. y212-2 (Lóa I)	55,5	37	64	67	15
9. y213-8 (Ugla)	52,3	42	63	67	11
10. y243-7	51,6	38	67	69	11
11. y212-4 (Lóa II)	51,4	39	64	70	13
12. y222-6	50,2	33	61	66	11
13. y229-5	50,1	30	63	60	16
14. y224-4	49,7	30	63	66	18
15. y224-10	49,5	34	62	65	14
16. y167-12 (Teista II)	48,5	38	61	64	11
17. y167-1 (Teista IV)	45,7	35	66	65	15
18. x167-10 (Teista I)	44,9	38	64	66	12
19. y224-8	42,8	33	65	68	14
20. y167-10 (Teista III)	42,2	34	64	64	12
21. y224-6	39,5	30	64	66	16
22. y224-1	39,3	29	63	67	13
23. y236-13	28,5	41	68	72	13
Meðaltal	51,5	36	65	67	14
Staðalfrávik (frít. 22)	7,74	1,38	1,24	2,10	0,83
<u>Í einum samreit</u>					
1. y228-3	60,5	37	64	61	20
2. y235-2	60,3	37	65	64	18
3. Meltan	55,8	43	68	67	16
4. y243-1	47,5	40	68	73	13
5. Kría	46,7	37	65	63	12
6. y234-1	44,9	42	64	64	8
7. y234-10	44,9	42	65	64	10
8. y243-3	38,6	39	68	70	11
9. y243-2	36,4	39	69	73	12
10. y231-5	35,6	40	67	68	9
11. y234-9	35,2	42	65	68	10
12. Sexraða óþekkt	34,6	29	50	62	7
13. y234-12	32,1	37	67	65	8
14. Arve	32,0	27	56	67	9
15. y243-5	28,6	38	65	72	10
16. y234-7	15,2	40	62	67	10
17. y235-6	13,9	33	63	68	8
Meðaltal	39,0	38	64	67	11

Tilraunin var falleg og sumar línurnar orðnar fullþroska í byrjun september. Ekki náðist að skera tilraunina fyrir veðrið mikla 16. september. Það varð til þess að mest uppskera mældist af seinþroska línunum, sem áttu enn sveigjanlegan stöngul þegar veðrið gerði, en mörg fljótþroska línun var þá illilega bæld og brotin.

Í síðari tilrauninni var kannað hversu kynbótalínurnar þöldu sveppasjúkdóminn augnflekk. Auk þess var gerður samanburður á heimaræktuðu sáðkorni og sáðkorni ræktuðu á Skáni. Sáð var í tilraunina 23.4. og hún skorin 21.9. Samreitir voru 2 og frítölur fyrir skekkju 47. Munur eftir uppruna sáðkorns var ekki marktækur í nokkrum mældum eiginleika.

Sáðkorn:	Korn, hkg þe./ha							
	Heima	Sjúkt		Heima	Úðað		Reiknað	
		Útlent	Reikn.mt.		Útlent	Reikn.mt.	mt. alls	
1. Skúmur III	47,9	41,7	44,0	59,3	64,3	62,3	53,1	
2. Skúmur II	46,4	46,6	46,9	59,1	60,4	59,3	53,1	
3. Lóa I	49,0	45,3	47,5	54,1	57,6	55,5	51,5	
4. Skúmur I	–	37,9	38,9	–	62,3	61,8	50,4	
5. Lóa II	44,0	–	44,2	54,9	–	54,7	49,4	
6. Uгла	45,4	49,6	47,7	48,7	52,1	51,1	49,4	
7. Teista I	46,1	48,6	46,0	45,4	48,6	47,3	46,6	
8. Teista II	–	43,1	41,4	–	49,3	49,7	45,6	
9. Kría	39,7	45,2	42,5	52,3	42,2	47,3	45,5	
10. Teista III	42,6	–	43,5	47,4	–	46,5	45,0	
11. Teista IV	44,0	–	43,7	45,4	–	44,4	44,1	
12. y224-5	34,1	–	35,0	36,2	–	38,7	36,9	
13. y223-3	31,8	–	32,7	31,6	–	30,6	31,7	
14. Olsok	–	28,0	27,4	–	15,7	15,3	21,4	
Meðaltal	40,8	41,5	41,1	46,5	47,3	46,9	44,0	
Staðalfrávik							4,07	

	Þroski							
	Þúsk.	Sjúkt		Þúsk.	Úðað		Skrið	
		Rúmp.	Þe.%		Rúmp.	Þe.%	í júlí	
1. Skúmur III	33	62	77	35	64	73	12	
2. Skúmur II	32	62	77	34	65	75	12	
3. Lóa I	39	67	77	41	69	75	14	
4. Skúmur I	31	54	76	35	59	76	10	
5. Lóa II	41	67	75	41	67	74	12	
6. Uгла	43	66	77	45	67	77	11	
7. Teista I	39	68	72	40	70	78	11	
8. Teista II	38	66	72	41	68	76	10	
9. Kría	37	69	75	39	70	75	13	
10. Teista III	37	68	74	35	66	74	12	
11. Teista IV	37	69	76	38	70	76	13	
12. y224-5	40	70	70	42	71	74	13	
13. y223-3	34	66	77	34	68	79	6	
14. Olsok	32	60	74	37	64	79	13	
Meðaltal	37	66	75	39	67	76	12	
Staðalfrávik				2,24	1,66	1,89	0,68	

Veðrið þann 16. september varð til þess að uppskerumæling á Olsok varð önnur en búist var við. Í sjúkum reitum lá Olsok flatt og missti ekki korn í veðrinu. Í úðuðum reitum stóð það aftur á móti upprétt og kornið fór út í veður og vind. Af öðrum yrkjum er það að segja að í sjúkum reitum brotnaði stöngull talsvert, eitthvað tapaðist, t.d. af Skúmi I, en ekki sá á korni í úðuðum reitum. Skúmar II og III virtust þó hafa þolað veðrið, jafnt hvort þeir voru úðaðir eða ekki, lítið sá líka á Teistu I án úðunar.

### Uppgjör á samanburði byggyrkja undanfarin ár.

Fjallað er um tilraunir með sexraðabygg frá árunum 1990–2004, en tvíraðabygg frá árunum 1993–2004. Samspil stofna og staða hefur verið reiknað sem hending og er ríkjandi í skekkju á samanburði milli stofna. Tilraunum með mismunandi tilraunaskekkju hefur verið gefið mismikið vægi líkt og tilraunir með mikla skekkju hefðu færri samreiti en hinar. Yrkjunum er raðað eftir besta línulegu mati á uppskeru (BLUE). Úrvinnsla gagna er eins og fyrri ár og lýsingu á henni er að finna í jarðræktarskýrslum árána 1994 og 95.

Sexraðayrkin koma fram í 109 tilraunum í þessu uppgjöri, en oftast fá á hverjum stað. Tvíraðayrkin koma sömuleiðis fram í 111 tilraunum. Þessir tveir flokkar eru samt sem áður gerðir upp hvor í sínu lagi. Þeir raðast mjög misjafnt eftir landshlutum. Því eru sexraðayrkin oftast efst norðanlands en neðst syðra. Í sameiginlegu uppgjöri hefði skekkjan því verið ofmetin.

Alls komu til röðunar 98 tvíraðayrki og 43 sexraða. Hér birtast niðurstöður valdra yrkja. Raðtalan úr uppgjörinu er látin halda sér.

	Upp- skera, hkg/ha	Skekkja samanb. v/st.afbr.	Fjöldi til- rauna		Upp- skera, hkg/ha	Skekkja samanb. v/st.afbr.	Fjöldi til- rauna
<i>Sexraðayrki</i>							
1. Skúmur III	48,3	1,93	19	13. Lavrans	36,0	1,55	28
2. Skúmur II	45,6	2,31	11	16. Olsok	35,7	1,20	65
3. Skúmur I	44,1	2,00	21	18. Gaute	35,4	1,61	25
7. Minna	40,3	2,66	8	24. Arve	34,2	–	76
9. Judit	40,0	2,66	8	27. Rolfi	33,6	1,51	27
10. Nina	39,6	1,85	16	37. Bamse	30,9	1,90	20
11. Ven	39,1	1,78	19	39. Nord	29,4	2,00	21
12. Tiril	38,8	1,77	21	41. Hrútur	28,6		8
<i>Tvíraðayrki</i>							
1. Teista I	40,5	0,93	19	43. Uгла	34,7	1,25	11
2. Lóa II	39,9	1,61	6	44. Kinnan	34,6	1,15	7
3. Kría	39,2	0,69	37	55. Sunnita	33,9	0,70	32
7. Lóa I	38,3	1,01	17	60. Gunilla	33,3	0,63	47
12. Saana	37,9	0,89	16	63. Filippa	33,1	0,55	66
25. Teista II	35,9	1,54	7	73. Meltan	32,4	1,39	4
27. Erla	35,8	1,07	14	75. Mari	31,9	0,69	44
29. Rekyl	35,7	0,92	15	77. Lilly	31,7	1,05	12
37. Gold.prom.	35,5	1,07	12	81. Pernilla	31,5	1,43	6
38. Skegla	35,5	–	62	89. Olve	30,3	1,10	11
39. Rjúpa	35,5	0,65	43	97. Tyra	28,5	1,17	9

### Tilraun nr. 755-03. Einært rýgresi með byggi.

Líkur hafa verið leiddar að því að hægt sé að koma í veg fyrir útskolun áburðarefna úr jarðvegi haust og vetur með því að sá einæru rýgresi með byggi. Auk þess ætti rýgresið að geta gefið einhverja haustbeit eftir kornskurð. Til að kanna það voru gerðar tvær tilraunir á Korpu. Fyrri árið var bygg ræktað með eða án rýgresis við mismikinn áburð í stórum reitum. Síðara árið var landið plægt að vori og byggi sáð í fyrri reiti. Reiknað var með að nitrið, sem rýgresið kann að hafa geymt, kæmi þá fram í uppskeru kornsins. Tvær tilraunir hafa verið gerðar í þessu skyni á Korpu. Í ár var síðara ár hinnar síðari tilraunar af þessu tagi.

Tilraun nr. 755-03 (síðara ár).

Landið var plægt og herfað 9.5. Sáð var í tilraunina 12.5. Yrkið var Kría. Áburður var 45 kg N/ha í Græði 5. Korn var skorið 27.9. Samreitir voru 3 og frítölur fyrir skekkju 10. Jarðvegur var blautur þegar jörð var unnin og klesstist við umferð og sáningu og skýrir það að hluta til litla uppskeru.

Áburður:	Meðferð 2003, uppskera 2004						Meðaltal		
	45N			90N			Korn	Hálmur	Alls
	Korn	Hálmur	Alls	Korn	Hálmur	Alls	Korn	Hálmur	Alls
	hkg þe./ha			hkg þe./ha			hkg þe./ha		
Sáðmagn									
200by+ 0rý	25,0	14,4	39,4	25,7	17,1	42,8	25,3	15,8	41,1
200by+40rý	21,4	15,2	36,6	24,8	17,2	41,9	23,1	16,2	39,3
150by+40rý	22,4	15,6	38,0	22,3	16,4	38,7	22,4	16,0	38,4
Meðaltal	22,9	15,1	38,0	24,3	16,9	41,1	23,6	16,0	39,5
Staðalfrávik							2,05	1,17	3,07

Bæði ár tilraunarinnar hefur mest kornuppskera fengist úr þeim reitum, þar sem bygg var ræktað án rýgresis 2003. Þar að auki var uppskera rýgresis eftir kornskurð haustið 2003 óveruleg. Því er greinilega enginn hagur af því að sá rýgresi með byggi. Auk þess má benda á að uppskerumunur eftir áburði 2003 var marktækur, a.m.k. í uppskeru alls.

**Tilraun nr. 802-03. Forræktun fyrir bygg á Norðurlandi.**

Sumurin 2000 og 2001 var gerð tilraun á Korpu með mismunandi forvöxt fyrir bygg. Þar reyndist sérlega óheppilegt að rækta bygg í sama landi ár eftir ár. Sambærileg tilraun var nú gerð á tveimur stöðum norðanlands, í Vindheimum og Miðgerði.

Sumarið 2003 var byggi og einæru rýgresi sáð í stórreiti á báðum stöðum og eins voru reitir ósánir. Tveir samreitir voru á hvorum stað. Í Vindheimum var sáð byggyrkinu Skeglu en Rolfi í Miðgerði. Byggið Rolfi í Miðgerði var helsjúkt af blaðsveppum. Rýgresið var Barspectra á báðum stöðum.

Uppskera af stórreitum 2003.

	Vindheimar			Miðgerði		
	Korn	Hálmur	Alls	Korn	Hálmur	Alls
	hkg þe./ha			hkg þe./ha		
Bygg	49,8	35,0	84,8	30,7	18,1	48,8
Rýgresi			73,6			66,7

Sumarið 2004 var síðan lögð út tilraun með mismunandi nituráburð á stórreitunum. Í Vindheimum rúmuðust fimm áburðarliðir innan hvers stórreits, en ekki nema þrjár í Miðgerði. Áburður var gefinn í misstórum skömmtum af Græði 5, þó þannig að við minnsta skammtinn, 30 kg N/ha, var bætt við steinefnablöndu svo að steinefnaáburður yrði aldrei minni en 20 kg P og 50 kg K á hektara. Yrkin voru Olsok í Vindheimum og Arve í Miðgerði. Frítölur fyrir skekkju milli smáreita voru 6 í Miðgerði og 12 í Vindheimum.

Uppskera 2004.

Áður:	Bygg			Rýgresi			Ekkert			Meðaltal		
	Ko.	Há.	Alls	Ko.	Há.	Alls	Ko.	Há.	Alls	Ko.	Há.	Alls
	hkg þe./ha			hkg þe./ha			hkg þe./ha			hkg þe./ha		
<b>Miðgerði</b>												
30N	46,7	39,1	85,8	57,5	38,7	96,2	46,2	38,5	84,7	50,1	38,8	88,9
60N	53,5	39,8	93,3	53,1	44,3	97,3	41,6	39,4	81,0	49,4	41,2	90,5
90N	53,1	47,1	100,2	62,1	53,3	115,4	53,6	49,5	103,1	56,3	50,0	106,2
Mt.	51,1	42,0	93,1	57,6	45,4	103,0	47,1	42,5	89,6	51,9	43,3	95,2
St.frávik										7,23	3,89	7,76
<b>Vindheimar</b>												
30N	38,2	28,5	66,7	34,6	27,1	61,7	36,2	30,9	67,0	36,3	28,8	65,1
60N	45,8	29,1	74,9	43,4	36,6	80,0	44,9	38,4	83,2	44,7	34,7	79,4
90N	45,9	37,2	83,2	46,3	39,4	85,8	52,1	44,1	96,2	48,1	40,3	88,4
120N	54,6	38,5	93,2	52,1	42,9	95,1	54,0	47,6	101,6	53,6	43,0	96,6
150N	56,2	43,7	99,9	55,7	47,4	103,2	54,0	48,1	102,2	55,3	46,4	101,8
Mt.	48,2	35,4	83,6	46,4	38,7	85,1	48,2	41,8	90,0	47,6	38,6	86,3
St.frávik										3,41	5,13	6,61

Uppskerumunur eftir forræktun er á hvorugum staðnum marktækur. Kornid svarar hins vegar vaxandi nituráburði vel og reglulega. Sýni úr tilrauninni verða efnagreind á þessu ári og niturinnihald þeirra ákvarðað.

**Tæknikorn (132-9554)****Tilraun nr. 801-04. Tilraunir með Golden promise.**

Líftæknifyrirtækið ORF getur einungis notað skoska byggrykið Golden promise til framleiðslu sinnar. Það byggryki hefur ekki verið notað í kornrækt hérlendis og ekki verið reynt að gagni í tilraunum. Grunur lék á að það væri fullseinþroska fyrir ræktun hér á landi, einkum óttuðust menn að framleiðsla á sáðkorni gæti gengið erfiðlega.

Til þess að fá úr þessu skorið var í vor sáð í tilraunir á 15 stöðum víðs vegar um land, þar sem Golden promise var borið saman við hefðbundin ræktunaryrki. Tilraunirnar voru á eftirtöldum stöðum:

Tilraunastaður	Skammstöfun	Land	Staðaláb., kg N/ha	Sáð	Sýni tekið	Uppskorið
Grundargili í Reykjadal nyrðra	<b>Gru</b>	mólendi	60	26.4.	21.8.	8.9.
Miðgerði í Eyjafirði	<b>Mið</b>	mólendi	90	27.4.	21.8.	8.9.
Möðruvöllum í Hörgárdal	<b>Möð</b>	mólendi	60	27.4.	21.8.	8.9.
Vindheimum í Skagafirði	<b>Vin</b>	sandur	120	28.4.	21.8.	6.9.
Vallhólmi í Skagafirði	<b>Val</b>	mólendi	60	28.4.	21.8.	6.9.
Kaldárbakka í Hnappadal	<b>Kal</b>	melur	90	7.5.	29.8.	20.9.
Belgsholti í Melasveit	<b>Bel</b>	sandur	90	7.5.	29.8.	20.9.
Leirá í Leirársveit	<b>Lei</b>	mýri	60	7.5.	29.8.	–
Korpu í Mosfellssveit	<b>Kor</b>	mólendi	90	5.5.	28.8.	21.9.
Birtingaholti í Hreppum	<b>Bir</b>	sandur	90	11.5.	2.9.	23.9.
Gunnarsholti á Rangárvöllum	<b>Gun</b>	sandur	90	11.5.	2.9.	23.9.
Stórólfsvelli í Rangárhverfi	<b>Stó</b>	mólendi	90	3.5.	26.8.	14.9.
Skógum undir Eyjafjöllum	<b>Skó</b>	sandur	90	3.5.	26.8.	14.9.
Kirkjubæjarklaustri á Síðu	<b>Kir</b>	sandur	120	2.5.	25.8.	13.9.
Miðfelli í Hornafirði	<b>Mið</b>	áráur	90	2.5.	25.8.	13.9.

Sáð var með raðsáðvél í allar þessar tilraunir. Sáðmagn var 200 kg/ha og reitastærð 10 m<sup>2</sup>. Kornskurður fór fram með tvennu móti. Hluti úr 4 reitum af Golden promise í hverri tilraun (úr liðum með 60N og 90N) var handskorinn eftir 113–116 daga vaxtartíma. Uppskeran var þá enn ekki fullþroska, en á því þroskastigi, sem hentar til að vinna lífvirk prótein.

Tilraunirnar voru svo endanlega skornar með þreskivél eftir 131–138 daga vaxtartíma og þá höfð í huga framleiðsla sáðkorns. Þá var allur reiturinn skorinn, uppskera vegin, og eitt sýni tekið til að ákvarða þurrefni og kornhlut. Samreitir voru 3 hvarvetna og þeir skornir allir. Í Birtingaholti voru þó aðeins 2 þeirra skornir, sá þriðji var skemmdur eftir fugl. Fritölur fyrir skekkju voru 14, þar sem allt var með felldu, en 7 í Birtingaholti.

Á Leirá fór öll tilraunin forgörðum vegna ágangs búfjár. Fimm tilraunir voru ekki skornar fyrr en eftir slagviðrið mikla 16.9. og kemur það fram í uppskerumælingu, einkum þó á sexraða-byggi á Korpu, í Birtingaholti og í Gunnarsholti.

Birt er uppskera viðmiðunaryrkja og uppskera eftir mismunandi áburðarskammta á Golden promise. Uppskerutölur eftir áburðarskammta, sem víkja frá staðaláburði, eru skáletraðir. Uppspera úr öllum liðum, sem fengu staðaláburð er rituð venjulegu letri.

### Kornuppskera, hkg þe./ha

#### Norður- og Vesturland

Yrki/staður	Bel	Kal	Val	Vin	Möð	Mið	Gru
Arve	24,0	11,9	47,3	44,0	69,5	55,4	97,5
Olsok	25,0	17,9	57,7	53,1	75,1	52,2	89,3
Skegla	23,0	17,0	57,8	47,2	66,5	46,9	72,9
Filippa	28,5	17,7	59,4	50,3	65,4	47,2	74,9
GP 30N	28,3	13,1	64,2	37,3	63,0	45,1	73,6
GP 60N	29,2	20,0	57,9	48,0	63,4	45,2	71,6
GP 90N	34,7	24,6	63,7	52,9	79,5	52,0	74,1
GP 120N	31,3	27,6	58,6	60,3	83,0	49,2	69,3
Meðaltal	28,0	18,7	58,3	49,1	70,7	49,1	77,9
Staðalfrávik	6,30	2,14	9,36	3,49	6,82	5,05	6,42

#### Suðurland

Yrki/staður	Kor	Bir	Gun	Stó	Skó	Kir	Mið
Arve	14,6	16,0	1,4	29,8	28,5	37,1	35,0
Olsok	17,5	8,4	1,6	41,8	28,6	38,9	29,5
Skegla	33,8	19,8	21,1	43,2	29,9	35,2	32,9
Filippa	36,3	28,0	37,9	47,5	36,1	36,1	34,7
GP 30N	20,4	13,2	16,5	44,4	19,2		17,7
GP 60N	34,4	16,9	27,8	37,0	24,1	28,1	27,4
GP 90N	40,0	25,6	40,8	51,1	30,9	32,8	36,5
GP 120N	44,0	31,4	43,4	40,5	33,8	43,9	44,6
GP 150N						45,1	
Meðaltal	30,1	19,9	23,8	42,1	28,9	37,2	32,3
Staðalfrávik	2,28	7,20	5,31	5,78	3,14	2,56	3,93



**Golden promise, áburðarliðir 60N og 90N**Norður- og Vesturland

	Bel	Kal	Val	Vin	Möð	Mið	Gru
Sýni e. 113–116 d.							
Korn, hkg/ha	30,7	19,8	47,3	49,0	71,8	40,9	50,3
Þurrefni, %	56	52	48	56	56	51	46
Þúsk., g	41	34	29	36	37	32	26
Skurður e. 131–138 d.							
Korn, hkg/ha	32,0	22,3	60,8	50,5	71,5	48,6	72,9
Þurrefni, %	75	69	54	66	62	58	51
Þúsk., g	41	34	38	42	43	40	35
Framför á 20 dögum							
Korn, hkg/ha	1,3	2,5	13,5	1,5	-0,3	7,7	22,6
Þurrefni, %	19	17	6	10	6	7	5
Þúsk., g	0	0	9	6	6	8	9

Suðurland

	Kor	Bir	Gun	Stó	Skó	Kir	Mið
Sýni e. 113–116 d.							
Korn, hkg/ha	36,2	24,9	36,2	32,6	28,9	33,6	24,0
Þurrefni, %	48	55	50	44	48	50	48
Þúsk., g	31	35	34	23	31	35	35
Skurður e. 131–138 d.							
Korn, hkg/ha	37,2	21,3	34,3	44,1	27,5	38,4	32,0
Þurrefni, %	69	82	68	54	67	62	63
Þúsk., g	33	34	34	29	34	39	37
Framför á 20 dögum							
Korn, hkg/ha	1,0	-3,6	-1,9	11,5	-1,4	4,8	8,0
Þurrefni, %	22	27	18	10	19	12	15
Þúsk., g	2	-1	0	6	3	4	2

Ef litið er á uppskeruna og breytingu á henni síðustu 20 daga sprettutímans má sjá að kornið bætir ekki við sig eftir að þurrefnishlutar er kominn í 55%. Þúsundkornþungi vex að vísu sums staðar. Eins má sjá að veðrið mikla hefur tekið toll af uppskerunni í Birtingaholti og Gunnarsholti og líklega einnig á Korpu. Þegar tekið er tillit til bæði uppskeru og þroska, þá er ljóst að kornið hefur átt besta ævi á Möðruvöllum og í Vindheimum.

**Uppruni sáðkorns, tilraun í Gunnarsholti.**

Í tilraun í Gunnarsholti var borið saman sáðkorn af Golden promise af tvenns konar uppruna. Annað var úr tilrauninum í Gunnarsholti 2003, hitt skoska verslunarvaran. Samreittir voru 5 og frítölur fyrir skekkju 4.


Uppruni sáðkorns	Korn, hkg þe./ha	Þurrefni, %	Þúsundkorn, g
Skotland	40,6	66	34
Gunnarsholt	37,7	60	32
Staðalfrávik	4,77	0,69	0,95

## Frostþol byggs að vori


Við rannsóknir á frostþoli byggs hefur athyglinni einkum verið beint að frostskemmdum við blómgun og skrið. Á því tímabili eru korntegundir viðkvæmar því frost getur drepit plöntufóstrið í blóminu og komið í veg fyrir að korn myndist í axinu. Frostskemmdir að vori þegar plönturnar eru í geldvexti eru yfirleitt ekki jafn alvarlegar. Vaxtarbroddurinn er varinn í sverðinum og því er frekar um að ræða skemmdir á einstökum blöðum en að plantan drepist.

Í kjölfar frosta norðanlands í byrjun maí 2003 var ákveðið að kanna frostþol ungra byggplantna á kalstofunni á Möðruvöllum. Sett var upp tilraun með yrkjunum Arve og Skeglu og smáplöntur á mismunandi aldri frystar.

Áhrif frystingar á ungar byggplöntur í pottum á tveimur vaxtarstigum.



Áhrif frystingar á ungar berróta byggplöntur á tveimur vaxtarstigum.



## Sáðskipti og ræktun (132-9504)

### Tilraun nr. 758-03. Vetrarkorn til grænfóðurs, Korpu.

Vetrarkorninu var sáð 15.5. vorið 2003 og slegið 19.8. sama haust. Spildan var látin óplægð um haustið í von um að einhver yrki lifðu veturinn svo að slá mætti grænfóður í júní. Það rættist ekki og lauk þar með tilrauninni.

### Kornyrki til grænfóðurs, Möðruvöllum.

Þessi tilraun er endurtekning á sams konar tilraun í fyrra sem var að mörgu leyti gölluð (sjá Jarðræktarrannsóknir RALA 2003, Fjölrit nr. 215). Sáð var 8 yrkjum af 5 korntegundum í Tjarnarspildu á Möðruvöllum, þar sem jarðvegur er mjög þurr, malarblendinn mói. Tilraunin var í þremur blokkum. Sáðmagn sem svarar 240 kg/ha. Áburður sem svarar 128 kg N/ha í Fjölgræði 5. Sáð, borið á og valtað 24. apríl 2004.

#### Úr dagbók:

- 13. júlí Ekkert skriðið. Vetrarbygg að nálgast. Vetrarhveitið með lítinn vöxt og jarðlægt.
- 26. júlí Tilraunin slegin og skrið metið. Vetrarhveitið mjög lágvaxið.
- 9. sept. Mjög rýr endurvöxtur, m.a. sökum þurrka. Vetrarhveitið lágvaxið og hálfsolnað. Aðrar tegundir skriðnar. Tilraunin verður ekki slegin aftur.
- 20.4.2005 Vetrarhveitið enn lifandi og grænt.

Tegund	Stofn	Uppskeyra, hkg þe./ha	Skrið, %
Rúghveiti	Algalo	73	53
-	Falmoro	68	27
Sumarhafrar	Sanna	89	88
Vetrarhafrar	Jalna	88	47
Vetrarbygg	Hampus	87	88
Vetrarhveiti	Magnifik	33	0
-	Stava	28	0
Vetrarrúgur	Amilo	55	50
<i>Meðaltal</i>		65	44
<i>Staðalsk. mismunarins<sup>1)</sup></i>		3,9***	4,7***

1) Staðalskekkja mismunarins = s.e.d., \*\*\* = P<0,001.

### Blöndunarhlutföll í vetrarrepju og vetrarhöfrum, Möðruvöllum.

Þessar tilraunir voru framkvæmdar sumarið 2003 á Möðruvöllum, en misfórust eins og lýst er í Jarðræktarrannsóknum RALA 2003 (Fjölrit nr. 215). Þær voru því endurteknaðar sumarið 2004 og var sáð í þær 26. maí á Norðurtúni, sem var þá nýplægt. Jarðvegur þar er mjög malar-kenndur mói. Líkt og 2003 komu upp ýmis vanþrif í plöntum og þurrkar gengu síðan endanlega frá þeim. Tilraunirnar voru því ekki metnar eða slegnar.

### Tilraun nr. 421-04. Grænfóðurtegundir, Hvanneyri.

Tilraunir 421-xx eru röð grænfóðurtilrauna sem tekur takmörkuðum breytingum frá ári til árs. Samræmt er að flestar grænfóðurtegundir eru saman í tilrauninni og hver tegund er slegin á meintum hæfilegum nýtingartíma. Sáðmagn í tilrauninum er samkvæmt Handbók bænda og áburður 1000 kg/ha Græðir 5, eða 150N, 66 P og 124K á hektara. Fræ af káltegundum var dyftað fyrir sáningu til varnar gegn kálmaðki.

Liður	Sláttutími (tímar)	Uppskeyra, hkg þe./ha			Samtals
		1. sl.	2. sl.	3. sl.	
Sumarrýgresi, Barspectra	23.7., 17.8. og 17.9.	41,6	22,2	10,1	73,9
Sumarhafrar, Sanne	9.8.	63,5			63,5
Vetrarrepja, Barcoli	9.8.	61,9			61,9
Vetrarrýgresi, Dasas	27.7., 17.8. og 17.9.	47,4	19,0	16,3	82,6
Vetrarhafrar, Jalna	9.8.	60,3			60,3
Mergkál, Maris Kestrel	9.8.	57,6			57,6
S.repja, Pluto+Barspectra	23.7., 17.8. og 17.9.	45,9	12,7	10,5	69,1
S.repja, Pluto+Dasas	23.7., 17.8. og 17.9.	43,2	13,3	12,4	69,1
Barcoli+Jalna	23.7.	53,1			53,1
Barcoli+Dasas	9.8. og 17.9.	58,4	16,9		75,0
Barcoli+Barspectra	23.7., 17.8. og 17.9.	44,1	15,4	10,4	69,9
<i>Staðalskekkja</i>		2,12	0,44	0,38	2,18

Sáð og borið á 24. maí. Sáðmagn í blöndum er 60% af fullu sáðmagni hvorrar tegundar.

Við slátt 23. júlí er sumarrepja að sýna allra fyrstu blóm og margir rýgresissprotar eru að skriða, þó ekki yfir 1% fullskriðnir. Ekki er að sjá þroskamun á hreinrækt og blöndum.

Við slátt 9. ágúst voru sumarhafrar hálfskriðnir, vetrarhafrar sýndu ekkert skrið, en voru farnir að leggjast. Vetrarrepja og mergkál hvort tveggja fallett og alveg blómulaust. Allir liðir arfa-lausir.

Við slátt 17. ágúst var endurvöxtur allra liða farinn að skriða eitthvað, Dasas þó sýnu minnst. Endurvöxtur var eingöngu rýgresi.

#### Tilraun nr. 870-04. Samanburður grænfóðurtegunda og stofna, Hvanneyri.

Tilraunir með þessu númeri voru einnig árin 2002 og 2003 eftir svipuðum áætlunum og nú, en stofnar voru ekki þeir sömu. Tilraunin var nokkuð afbrigðileg að því leyti að tegundir mynduðu stórreiti innan blokka til að gera samanburð tegunda betri. Hver tegund er hins vegar gerð upp eins og sjálfstæð tilraun. Sáð var og borið á 27. maí.

#### Grastegundir

Liður	Sláttutími (tímar)	1. sl.	2. sl.	3. sl.	Samtals
Sumarhafrar, Sanne	5.8.	63,2	-	-	63,2
Vetrarhafrar, Jalna	5.8.	54,5	-	-	54,5
Sumarrýgresi, Avance	22.7., 19.8. og 16.9.	34,8	25,5	12,6	72,9
- Barspectra	22.7., 19.8. og 16.9.	43,3	23,7	11,0	78,0
- Botrus	22.7., 19.8. og 16.9.	40,7	25,2	10,9	76,8
Vetrarrýgresi, Ajax	5. 8. og 16.9.	47,2	38,6	-	85,8
- Barextra	5. 8. og 16.9.	48,7	39,7	-	88,5
- Dasas	5. 8. og 16.9.	49,9	37,6	-	87,5
- Fredrik	5. 8. og 16.9.	40,0	39,4	-	79,5
<i>Staðalskekkja</i>		1,68	0,90	0,50	2,17

Sumarrýgresi var að hefja skrið við 1. slátt (56 vaxtardaga). Vetrarrýgesi var nokkuð mismunandi við 1. slátt, Fredrik var í hreinum geldvexti og Ajax taldist kröftuglegri en Dasas, þó ekki komi það fram í uppskeru. Sumarrýgresi var að hefja skrið 5. ágúst og vetrarhafrar voru farnir að leggjast svo ekki var ástæða til að draga slátt þeirra frekar.

Káltegundir

Liður	Slegið	hkg þe./ha
Sumarneþja, Djingis	20. júlí	50,5
Sumarneþja, Pluto	20. júlí	46,5
- Stratos	20. júlí	44,8
Vetrarneþja, Barcoli, 10 kg/ha	16. september	88,4
- Barcoli, 20 kg/ha	16. september	84,3
- Celsius	16. september	71,5
- Falstaff	16. september	86,8
- Fontan	16. september	73,2
Landmark sumarneþja	16. september	43,7
Pastell vetrarneþja	16. september	69,8
Largo vetrarneþja	16. september	61,1
Mergkál, Maris Kestrel	16. september	85,5
<i>Staðalskekkja</i>		2,96

Við slátt sumaryrkja var sumarneþjan nokkuð blómguð en ótrénuð, en fyrsta blóm var skráð viku fyrr. Sumarneþjan var nær óblómguð. Sláttur vetraryrkja dróst of lengi og hún var orðin mjög hávaxin og sum blómguð, sem hér segir:

Liður	Hæð	Blómgun
Falstaff	Um 75 sm	Engin
Largo	Um 50 sm	Engin, talsvert farinn að sölna
Mergkál	Um 75 sm	Aðeins blóm
Celsius	75–100 sm	Aðeins blóm
Barcoli	Yfir 1,25 sm	Engin
Fontan	Óblómgaðir yfir 1,25 sm, blómgaðir talsvert hærri	Talsverð
Pastel	75–100 sm	Nokkur

Ekki var greinanlegur munur á Barcoli eftir sáðmagni.

**Tilraun nr. 875-03. Blöndur af vetrarneþju og vetrarhöfrum, Hvanneyri.**

Liður	Liður	Sáðmagn, kg/ha		Uppskeyra, hkg þe./ha	Hlutdeild í
		Hafrar	Reþja		þurrefnisuppskeru, % hafrar
Liðir I, slegnir 27. júlí	a.	-	10	46,6	0
	b.	50	7,5	47,8	16
	c.	100	5,0	47,3	39
	d.	150	2,5	44,7	32
	e.	200	-	41,5	100
Liðir II, slegnir 13. ágúst	a.	-	10	58,2	0
	b.	50	7,5	55,7	27
	c.	100	5,0	56,9	51
	d.	150	2,5	53,6	59
	e.	200	-	55,9	100
<i>Staðalskekkja</i>				3,20	

Sáð og borið á 26. maí. Hinn 14. september var nokkur endurvöxtur á liðum I, einkum á hafrareitum, þeir eru allt að hnéháir, en gisnir. Ekki hægt að mæla uppskeru.

### Tilraunir nr. 862-04 og 863-04. Áburður á vetrarrepju og áburður á vetrarrýgresi, Hvanneyri.

Sáð og borið á báðar tilraunirnar 24. maí, blokkir eru 4. Fyrsti sláttur vetrarrýgresis var 5. ágúst. Þá var farið að bera dálítið á skriði. Einu reitirnir sem skera sig úr eru a, b og l, svo slá varð eftir stikum. Annar sláttur vetrarrýgresis var 13. september. Tilraunin mjög jöfn yfir að líta þó greina mætti sömu liði og í 1. slætti. Repjan var slegin 13. september. Hún var þá orðin hávaxin, nær 1,25 m en nær ekkert blómguð. Liðir a og g skera sig úr, en að öðru leyti er tilraunin jöfn yfir að líta.

Liður	Áburður, kg/ha			Uppskera, kg þe./ha			
	N	P	K	Vetrarrepja	Vetrarrýgresi		
					1. sl.	2. sl.	Alls
a.	0	0	0	65,6	32,0	27,7	59,7
b.	0	30	90	82,4	42,7	28,6	71,4
c.	60	30	90	75,8	47,6	32,1	79,7
d.	100	30	90	83,5	44,6	28,1	72,7
e.	140	30	90	79,1	44,0	32,6	76,6
f.	180	30	90	78,8	45,1	32,5	77,5
g.	140	0	90	78,3	39,3	31,1	70,3
h.	140	10	90	79,4	44,8	32,0	76,8
i.	140	20	90	75,3	44,8	30,2	75,0
e.	140	30	90	79,1	44,0	32,6	76,6
k.	140	40	90	79,5	47,8	31,6	79,5
l.	140	30	0	61,2	35,2	28,2	63,3
m.	140	30	30	73,8	41,0	29,2	70,3
o.	140	30	60	77,6	45,4	30,0	75,4
e.	140	30	90	79,1	44,0	32,6	76,6
p.	140	30	120	79,4	46,4	30,9	77,3
<i>Staðalskekkja</i>				2,86	1,77	1,13	1,92

#### Efnamagn og uppskera áburðarefna, vetrarrepja.

Liður	Áburið, kg/ha			Efnamagn, % af þe.			Uppskera, kg/ha		
	N	P	K	N	P	K	N	P	K
a	0	0	0	14,5	0,29	1,30	153	19	85
b	0	30	90	15,0	0,32	1,96	197	26	161
c	60	30	90	16,1	0,33	1,68	195	25	127
d	100	30	90	15,9	0,30	1,61	212	25	134
e	140	30	90	16,8	0,33	1,86	212	26	147
f	180	30	90	19,4	0,32	1,79	245	25	141
g	140	0	90	17,4	0,30	1,90	218	23	149
h	140	10	90	17,7	0,31	1,90	225	25	151
e	140	30	90	16,8	0,33	1,86	212	26	147
i	140	20	90	18,1	0,32	1,90	218	24	143
k	140	40	90	17,0	0,31	1,87	216	25	149
l	140	30	0	19,8	0,34	1,35	194	21	83
m	140	30	30	18,8	0,33	1,23	222	24	91
e	140	30	90	16,8	0,33	1,86	212	26	147
o	140	30	60	18,0	0,34	1,67	223	26	130
p	140	30	120	17,9	0,35	2,21	227	28	176

**Efnamagn og uppskera áburðarefna, vetrarrýgresi.**

Áburður			Efnamagn, % af þurrefni						Uppskera alls, kg/ha		
			Fyrri sláttur			Seinni sláttur			N	P	K
N	P	K	N	P	K	N	P	K			
0	0	0	16,3	0,28	1,30	17,9	0,28	0,97	163	17	68
0	30	90	15,9	0,30	2,66	18,0	0,28	1,58	191	21	159
60	30	90	17,5	0,30	2,31	18,6	0,27	1,30	229	23	152
100	30	90	19,9	0,31	2,35	19,5	0,30	1,42	230	22	145
140	30	90	22,3	0,30	2,41	21,1	0,30	1,41	267	23	152
180	30	90	21,6	0,32	2,30	22,7	0,34	1,43	273	25	150
140	0	90	22,3	0,28	2,50	20,6	0,28	1,54	242	20	146
140	10	90	20,9	0,29	2,56	20,6	0,30	1,44	255	23	161
140	20	90	22,2	0,32	2,48	20,7	0,31	1,56	259	24	158
140	30	90	22,3	0,30	2,41	21,1	0,30	1,41	267	23	152
140	40	90	22,1	0,32	2,19	20,3	0,34	1,35	272	26	147
140	30	0	23,9	0,30	1,26	224,0	0,32	0,99	236	20	72
140	30	30	22,4	0,28	1,61	231,4	0,34	1,07	255	21	97
140	30	60	20,3	0,28	1,97	207,2	0,34	1,21	247	23	126
140	30	90	22,3	0,30	2,41	21,1	0,30	1,41	267	23	152
140	30	120	22,7	0,31	2,79	201,5	0,39	1,53	268	26	177

Athugið að liður e (140-30-90) er settur inn í töflurnar á þrem stöðum til að léttast lestur hennar. Lítil áburðarsvörun kom fram í tilrauninni, nema helst fyrir K. Jarðvegur er framræst mýri, nokkurra áratuga gamalt tún sem var plægt haustið 2002 og sumarið 2003 var bygg í spildunni.

**Tilraun nr. 853-04. Skipting áburðar og sláttutími sumar- og vetrarrýgresis, Hvanneyri.**

Tilraunin er gerð eftir sömu skipan og árin 2001–2003. Blokkir eru 4. Þetta er þáttatilraun með öll þrep meginliða, sláttutíma 1. sláttar, stofna og áburðarmeðferða þáttuð saman.

Sláttumeðferð:	I	20. júlí	17. ágúst	16. sept.
	II	30. júlí		16. sept.
	III		8. ágúst	16. sept.
Áburður:	a	1000 kg/ha í Græði 5 við sáningu		
	b	2/3 við sáningu og 1/3 eftir 1. slátt		
Stofnar:	A	Barspectra, sumarrýgresi		
	B	Barmultra, vetrarrýgresi		

Við slátt 20.7. (55 sprettudagar), sem hefði mátt vera einhverjum dögum fyrr, var greinilegur munur á A og B. Skrið A er rétt að hefjast, sprotar að skriða þó varla yfir 1%. Arfi er á stöku stað í B en nær varla yfir 10% á nokkrum reit. Ekki sjáanlegur munur eftir áburðarmeðferð. Við sláttumeðferð III var sumarrýgresi mikið skriðið.

Við 2. slátt liða I (17. ágúst, 28 dögum eftir 1. slátt) voru báðir stofnar nokkuð skriðnir, en enginn þroskamunur var sýnilegur. Við 2. slátt II og III voru liðir II skriðnir fyrir nokkru, en ekki munur á A og B.

Stofnar og sláttutímar höfðu hámarktæk áhrif (nema stofnar í 2. slætti). Munur áburðarliða var marktækur í 1. slætti, en ekki í samanlagðri uppskeru. Einu marktæku víxlhrifin voru milli stofna og sláttutíma, en þau voru hámarktæk við alla sláttutíma og samanlagðri uppskeru.

Sl.	Stofn	Áb.	Uppskera kg þe./ha			Samtals
			1. sl.	2. sl.	3. sl.	
I	A	a	35,5	30,2	9,8	75,3
I	A	b	33,6	30,7	9,2	73,5
I	B	a	30,9	36,4	15,6	82,9
I	B	b	29,0	35,2	16,5	80,7
II	A	a	64,7	47,2		111,9
II	A	b	61,5	46,4		107,9
II	B	a	51,6	45,2		96,8
II	B	b	49,2	48,0		94,2
III	A	a	56,6	36,6		93,2
III	A	b	50,6	36,3		86,8
III	B	a	54,3	29,3		83,6
III	B	b	53,0	32,5		85,5
<i>Staðalskekkja</i>			<i>2,06</i>	<i>1,37</i>	<i>0,16</i>	<i>2,53</i>

Allt fræ var gefið af MR.



## Kartöflutilraunir (132-9503)

### Tilraun nr. 798-04. Flýtiáburður, P, N og K í Þykkvabæ.

Tilraunirnar voru 3×3×2 þáttatilaunum á 18 reitum, hver liður á aðeins einum reit og því gert ráð fyrir að víxlverkun þátta sé lítil sem engin. P-áburður var prófaður í sama þætti og flýtiáburður. Víxlverkun þriggja þátta var til hálfis samþætt ófullkomnum blokkum, 6 reitir í smáblokk. Grunnáburður var 500 kg/ha af Græði 1 á alla reiti, þ.e. 60N, 32,5P og 70K. Vegna N-áburðar til jafnvægis við MAP (OPTI START™, mónicoammoníumfosfat) var N-áburður þó minnst 70N. Þættirnir eru:

- A. P- og flýtiáburður.
  - a1. 32,5P/ha, engin viðbót af P, 10 kg/ha af N í Kjarna bætt við til jafns við N í MAP.
  - a2. 51,5P kg/ha, 83 kg/ha OPTI START™ með áburði.
  - a3. 51,5P kg/ha, 83 kg/ha OPTI START™ með kartöflum, flýtiáburður.
- B. N-áburður.
  - b1. Engin viðbót.
  - b2. +50N kg/ha í Kjarna.
  - b3. +100N kg/ha í Kjarna.
- C. K-áburður.
  - c1. Engin viðbót.
  - c2. +70K kg/ha í K-súlfati.

Tilraunirnar voru gerðar í þrem gördum. Í Vatnskoti í Þykkvabæ í garði heima við, skammt vestan bæjar, og í garði norðan byggðar á söndunum vestan Rangár, sem er nefndur Áargarður, og á Egilsstöðum í Villingaholtshreppi í halla sem veit móti suðri eða suðaustri móti Þjórsá. Tilraunin í Áargarði er í sama garði og tilraunin í Vatnskoti 2003, þó ekki á sama stað, en tilraunin á Egilsstöðum er annars staðar en 2002 þótt jarðvegur sé svipaður. Tvö jarðvegs-sýni voru tekin á hverjum stað þegar sett var niður. Jarðvegssýnin voru þurrkuð við 30–35°C og mól (>2 mm) sigtuð frá. Steinefni voru mæld í AL-laun og pH í vatni. C og N er % af þurrum jarðvegi (<2 mm), P mg í 100 g af þurrum jarðvegi og katjónir mj. í 100 g af þurrum jarðvegi. Niðurstöður eru meðaltöl tveggja mælinga.

	>2 mm	C	N	P	Ca	Mg	K	Na	pH
Vatnskoti	1,4%	2,57	0,22	6,8	3,8	1,2	0,66	0,39	5,4
Áargarður	4,3%	1,40	0,12	5,5	6,8	2,8	1,20	0,43	6,1
Egilsstaðir	0,4%	6,12	0,54	1,8	9,0	1,9	1,07	0,30	5,9

Í heimagarði í Vatnskoti er nokkuð um gróf og hrjúf malarkorn sem geta haft áhrif á útlit kartaflna.

Sett var niður í Vatnskoti, báða garðana, 11. maí og á Egilsstöðum 26. maí. Útsæði var Gullauga í öllum tilraununum. Rásað var með niðursetningarvél, um 75 sm milli rása, kartöflur látnar falla í rásina og hreykt með sömu vél eftir að áburði hafði verið dreift. Reitir voru 3 m á lengd, tvær rásir í hverjum og reitastærð því 3×1,5 m. Bil milli kartaflna var jafnað þannig að á reitamörkum var kartafla í rásinni og 10 kartöflum jafnað á bilið milli enda, þ.e. bilið var um 27 sm að jafnaði. Aðferð við dreifingu áburðar var lík og 2002. Í a3 var OptiStart sáldrað í rásina með kartöflunum. Svo var búin til rás um 10 sm að innanverðu við kartöflurnar í öllum reitum, þær huldar um leið, og öðrum áburði dreift í þessa rás. Í Vatnskoti var útsæðið dyftað með Rizolex 10D, sem er með 10% af virka efninu *tolchlofos-methyl*, vegna þess að í fyrra gætti nokkuð skemmda af rótarflókasveppi.

Tilraunirnar hlutu í aðalatriðum sömu meðferð og aðrar kartöflur í sama garði, þ.e. hreykt og údað gegn myglu. Í Áargarði var lítið farið að koma upp 9. júní. KNO<sub>3</sub> var borið á Áargarð, líklega snemma í ágúst, og áburðarkorn sáust nærri hliðarröðum tilraunarinnar, en óvíst að það hafi haft nokkur áhrif. Í sömu skoðun sást að 6 reitir, þ.e. b1, voru farnir að gulna.

Uppskera var mæld á 16 grösum úr hverjum reit. Í Áargarði vantaði þó eitt gras í fjórum reitum. Tekið var upp 27. ágúst í Vatnskoti. Kartöflugrös höfðu verið sviðin um 10 dögum áður. Í Áargarði voru grösín í tilrauninni sviðin um leið og í garðinum, en ekki heima í Vatnskoti. Í jaðarrásinni, sem sneri að kartöflugarði bóndans, voru þau þó nokkuð sviðin, til meira en hálf að talið var. Í þessum garði var einnig töluverður arfi. Á Egilsstöðum var tekið upp 2. sept. Þar höfðu grös einnig verið sviðin, en þau voru stór og voru ekki nægilega sviðin. Einnig voru þar tekin upp 20 grös við báða enda tilraunarinnar, þar sem enginn áburður var borinn á.

Uppskera var vigtuð sama dag og tekið var upp. Hún var svo vigtuð aftur, flokkuð og sýni tekin 7.–8. sept. Aðeins var flokkað um 33 mm í tveimur tilraunum og kartöflur taldar í báðum stærðarflokkum en þeir ekki vigtaðir, nema heildarþungi smælkis í hverri tilraun var vigtaður. Í Áargarði var einnig flokkað um 45 og 55 mm og talið í hverjum flokki. Uppskera kartaflna í Vatnskoti léttist um 2,3% frá því vigtað var úti þangað til flokkað var, í Áargarði um 3,3% og á Egilsstöðum um 1,7% ef sleppt er einum reit þar sem ósamræmi var milli mælinga. Seinni mælingin telst nákvæmari og var notuð í uppgjöri. Hin talan vikur þó minna frá meðaltölum og gefur því lægra staðalfrávik.

Ekki komu fram áhrif smáblokka í neinni þessara tilrauna. Óljóst er hvort það hafði áhrif að grös sviðnuðu að hluta í Vatnskoti. Hlutfall sterkju og þurrefnis var þó að jafnaði heldur lægra í sviðnum reitum, en einnig getur skipt máli að tilraunin var í jaðri garðs.

		Uppskera, t/ha			Sterkja, %				Þurrefni, %		
		Vatnsk.	Áarg.	Egilsst.	Vatnskot	Áarg.	Egilsst.	Vatnsk.	Áarg.	Egilsst.	
<b>A. P- og flýtiáburður</b>											
a1	32,5 P	21,1	20,8	19,9	16,4	15,9 <sup>1)</sup>	14,8	12,8	24,4	22,8	20,4
a2	51,5 P	21,5	23,6	21,2	15,7	15,9 <sup>1)</sup>	15,3	13,4	24,0	23,4	20,5
a3	Flýtiáb.	25,3	26,0	24,8 <sup>2)</sup>	16,2	16,2	15,9	13,2	24,5	23,9	20,5
<b>B. N-áburður</b>											
b1	70 N	21,6	21,1	21,6	17,5	17,5	17,0	14,2	25,8	24,8	21,3
b2	120 N	22,7	24,5	22,2	15,8	15,5 <sup>3)</sup>	14,9	12,9	24,0	23,3	20,2
b3	170 N	23,8	24,8	22,2 <sup>2)</sup>	15,1	15,1	14,1	12,3	23,0	22,0	19,8
	<i>Staðalsk., mm (n=6)</i>	<i>1,29</i>	<i>1,38</i>	<i>1,04</i>	<i>0,59</i>	<i>0,32<sup>3)</sup></i>	<i>0,48</i>	<i>0,39</i>	<i>0,65</i>	<i>0,33</i>	<i>0,25</i>
<b>C. K-áburður</b>											
c1	70 K	22,7	23,7	22,5	15,7	15,8 <sup>1)</sup>	15,4	13,4	23,9	23,7	20,6
c2	140 K	22,7	23,2	21,5 <sup>2)</sup>	16,6	16,2 <sup>1)</sup>	15,2	12,8	24,6	23,0	20,3
	Án áburðar			11,4				15,6			24,0

1) Einu gildi sleppt.

2) Meðaltölun eru 24,4, 21,8 og 21,2 ef valin er sú uppskerumælingin sem gefur lægra gildið á reit sem fékk a3b3c2 og staðalfrávikid lækkar úr 1,80 í 1,78.

3) Tveim gildum sleppt.

Tvær mælingar á sterkju í Vatnskoti eru í ósamræmi við mælingu á þurrefnishlutfalli, önnur er hæsta mælingin og hin sú lægsta. Það er sennilega sterkjumælingin sem er ekki rétt, sbr. tiltölulega háa tilraunaskekkju, og eru niðurstöður sýndar án þessara gilda í aukadálki.

Þótt þess væri getið að gras vantaði í fjóra reiti í Áargarði kom ekki fram að uppskera væri meiri sem því nemur eða fjöldi kartaflna minni, ólíkt því sem kom fram í fyrra, og því var ekki leiðrétt fyrir fjölda.

Þar sem tveir þættir skiludu uppskeruauka í Áargarði er tvívíð tafla með meðaltölum sýnd hér til hægri. Aðeins tvær tölur eru að baki hverju meðaltali.

**Uppskera kartaflna (t/ha) við flýtiáburð og mismunandi P- og N-áburð í Áargarði,  $s_{mm}=1,03$ .**

	P kg/ha	N-áburður kg/ha		
		70	140	210
a1	32,5 P	19,3	20,6	22,5
a2	51,5 P	23,2	24,5	23,1
a3	“- fl.áb.	20,9	28,5	28,7

Áhrif flýtiáburðar í Vatnskoti eru sýnd sem meðaltal a3 að frádregnu meðaltali a1 og a2. Aukinni uppskeru í Vatnskoti vegna flýtiáburðar samsvarar fjölgun kartaflna, en aukning á meðalþunga kartaflna er ekki marktæk. Áhrif K-áburðar á fjölda kartaflna verða ekki greind frá hugsanlegum áhrifum af legu reita, en áhrifin á meðalþunga kartaflna virðast óháð legu.

Í Áargarði var þess getið um einn reit að tvö grös væru sýkt, væntanlega af rótarflókasveppi. Þar voru 154 kartöflur <33 mm, en næstflestar voru þær 116. Þessum reit, sem er **a1b1c1**, er sleppt í uppgjöri á fjölda kartaflna <33 mm og fjölda alls, en hann er að öðru leyti með. Áburðaráhrif, sem fundust í uppskerumælingum, koma einnig fram í fjölda kartaflna, aðallega >33 mm, og einnig í stærðardreifingu stórra kartaflna. Uppskeruauki við flýtiáburði (a3), sem að vísu var ekki marktækur, kemur fram sem marktæk fjölgun stórra kartaflna, aðallega á bilinu 33–45 mm, en uppskeruauki við P-áburði (a2) kemur fremur fram sem aukinn meðalþungi ((a2+a3)/2–a1=2,72±1,58), þótt ekki sé hann marktækur.

### Flokkun kartaflna, meðaltöl í tilraunum.

	Vatnsk.	Áarg.	Egilsst.
Meðalþyngd smælkis, g/kartöflu	10,9	10,0	11,8
Meðalþungi kartaflna >33 mm, g	42,8	42,8	50,8
Kartöflur <33 mm, fjöldi/reit	71	67 <sup>1)</sup>	59
Kartöflur >33 mm, fjöldi/reit	156	161	128
Kartöflur alls, fjöldi/reit	227	203 <sup>1)</sup>	187
<i>Staðalfrávik fjölda, ft.=17</i>			
<33 mm	23	22 <sup>1)</sup>	16
>33 mm	18	29	17
Alls	35	31 <sup>1)</sup>	17

1) Einum reit sleppt.

### Flokkun kartaflna í Vatnskoti eftir K-áburði.

	Fjöldi		Alls	Meðalþ., g
	<33	>33		>33
70 K	82	159	241	41,1
140 K	60	152	212	44,4
<i>s<sub>mm</sub></i>	10,0	7,7	14,3	1,12
Fjölgun v. flýtiáb.	16,4	19,1	35,5	1,8
<i>s<sub>mm</sub></i>	9,2	7,1	13,1	1,03

### Flokkun kartaflna í Áargarði.

		Stærð, mm							Meðalþyngd, g >33 mm
		<33	>33	Alls	33–45	45–55	>55	>45	
<b>A. P- og flýtiáburður</b>									
a1	32,5 P	61 <sup>1)</sup>	147	209 <sup>1)</sup>	91	51	6	57	41,0
a2	51,5 P	78	158	236	93	57	9	66	44,0
a3	Flýtiáb.	79	177	256	108	60	9	69	43,5
<b>B. N-áburður</b>									
b1	70 N	79 <sup>1)</sup>	148	228 <sup>1)</sup>	100	44	5	48	40,6
b2	120 N	79	168	247	95	65	8	73	42,9
b3	170 N	60	167	226	96	59	11	70	44,9
	<i>Staðalsk., mm (n=6)</i>	12,5	8,3	17,8	6,2	4,4	2,1	4,8	1,82
<b>C. K-áburður</b>									
c1	70 K	71 <sup>1)</sup>	161	233 <sup>1)</sup>	96	56	9	65	43,0
c2	140 K	73	161	234	98	56	7	63	42,6

1) Einum reit sleppt.

Á Egilsstöðum hafði flýtiáburður áhrif á uppskeru og kemur það fram í fjölda stórra kartaflna, en fjölgun kartaflna alls var þó ekki marktæk. Ekki var marktækur munur á meðalþunga.

### Flokkun kartaflna á Egilsstöðum eftir P-áburði.

		Fjöldi			Meðalþ., g
		<33	>33	Alls	>33
a1	32,5 P	69	116	185	49,4
a2	51,5 P	54	124	178	51,2
a3	Flýtiáb.	52	146	198	51,8
	<i>s<sub>mm</sub></i>	8,9	6,1	9,9	2,9

## Tilraunir á Korpu.

Á Korpu voru gerðar fjórar tilraunir. Þær voru gerðar á sama stað og í fyrra, en náðu einnig yfir land sem var með frægulrófum í fyrra. Reitir sneru þvert á kartöflureiti frá í fyrra og þvert á gulrófuraðirnar til að jafna hugsanleg eftirverkunaráhrif. Tilraunir nr. 906-04 og 907-04 voru í kartöflulandinu frá 2003, en tilraunir nr. 904-04 og 905-04 voru í gulrófulandinu, nema ein smáblokk úr hvorri tilraun (6 reitir) var í kartöflulandinu. Í tveim tilraunanna var aðeins einn reitur með hverri samsetningu þátta tilraunanna líkt og var í tilraununum í Þykkvabæ og víxlverkun þátta notuð til að meta skekkju eftir því sem við á hverju sinni. Útsæðið var Gullauga og sett til spírunar 30. apríl. Sett var niður 26.–27. maí. Rásað og sett niður í 906 og 907 26. maí, sett niður í 904 og 905 27. maí og hreykt. Líkt og á Suðurlandi voru áburðarrásir hafðar innanvert við kartöflur í báðum rásum í hverjum reit. Bil milli raða var um 70 sm og 30 sm milli kartaflna, nema í tilraun nr. 904 var 25 sm bil til samanburðar sem þáttur í tilraun. Sett var niður í eina varðbeltisröð utanvert við tilraunirnar og var áburður nálægt 500 kg Blákorns á ha. Úðað var með Afaloni 7. júní. Tekið var upp úr tilraun nr. 904 og 905 17.9. og 907 22.9., en 906 var upptökutímatilraun. Tekin voru upp 14 grös, sem svara til 2,1×1,4 m reits, nema 16 grös (2,0×1,4 m) þar sem 25 sm voru milli grasa. Kartöflurnar voru ragaðar 30.9. á svipaðan hátt og úr tilraununum í Þykkvabæ. Kartöflur, sem voru teknar upp 17.9., höfðu lést um 5,6%, en hinar um 2,3%. Það sýnir að minni mold hefur tollað við kartöflurnar seinni upptökudaginn.

Í tilraunum nr. 904 og 905 kom í ljós að uppskera var minni þar sem kartöflur voru árið áður en þar sem gulrófur voru. Munurinn er  $4,2 \pm 1,1$  og  $4,8 \pm 1,0$  t/ha í 904 og 905 og munurinn eftir forræktun á fjölda stórra kartaflna í reit í þessum tveimur tilraunum var  $18 \pm 8,3$  og  $20 \pm 7,0$ . Einnig var bæði sterkja ( $0,38 \pm 0,17$  og  $0,47 \pm 0,14$ ) og þurrefni ( $0,59 \pm 0,17$  og  $0,49 \pm 0,35$ ) minna í þessum reitum. Tilraununum ber mjög vel saman að þessu leyti. Ástæðan þessa uppskerumunar er ókunn, en benda má á að kartöflutilraunin var úðuð með Afaloni 2003. Einnig getur verið um að ræða forræktunaráhrif, sem oftast eru N-áhrif, eða áhrif á eðliseiginleika og þar með t.d. jarðvegshita. Vegna þess að tilraunirnar voru skipulagðar með smáblokkum komu öll stig hvers þátta jafnoft fyrir á þeim reitum sem gáfu minni uppskeru en aðrir.

### Tilraun nr. 904-04. Bil milli kartöflugrása og staðsetning áburðar.

#### A. Grunnáburður.

- a1 500 kg/ha af Græði 1, 60N, 32P, 70K.
- a2 1000 kg/ha af Græði 1, 120N, 65P, 140K.

#### B. Viðbót af P og staðsetning áburðar.

- b1 Enginn áburður til viðbótar.
- b2 20 kg/ha af N í Kjarna til jafns við 166 kg/ha af MAP, þ.e. 80 eða 140N, m. áb.
- b3 20 kg/ha af N í Kjarna í rás með kartöflum.
- b4 MAP 83 kg/ha með kartöflum, 51/84 P.
- b5 MAP 166 kg/ha með áburði, 70/103 P.
- b6 MAP 166 kg/ha með kartöflum, 70/103 P.

#### C. Bil milli kartaflna.

- d1 25 sm.
- d2 30 sm.

Þetta er 2×6×2 þáttatilraun, 24 reitir, einn reitur er af hverjum lið. Tilraunin var skipulögð í smáblokkum með sex reitum. Til þess þurfti að skilgreina B sem tvo þætti, b1, b2 og b5 sem lægra stig og b3, b4 og b6 sem hærra stig D-þátta.

Uppskerureitir voru misstórir eftir bili milli grasa. Kartöflur voru að meðaltali 65,7 á fermetra í reit með 25 sm bili og 58,4 í reit með 30 sm bili,  $s_{mm}=2,54$ , en stórar kartöflur voru 42,4 og 39,5,  $s_{mm}=2,50$ . Kartöflum hefur því fjölgað við að setja þéttar, aðallega smælki. Niðurstöður flokkunar eru að öðru leyti settar fram sem fjöldi/gras. Mismunur fjölda á gras eftir því hve

Þétt er sett er ekki marktækur og ekki heldur uppskeruaukinn við að þétta grösin. Bil milli grasa hefur breytt litlu um niðurstöður og nýtist því sem endurtekning á hinum þáttunum.

	Uppsk., t/ha	Fj./gras	Stórar/gras	Sterkja, %	Þe., %
A. Græðir 1					
500	23,1	12,1	7,7	17,2	24,7
1000	23,6	11,6	8,0	15,8	23,1
C. Bil					
25 sm	24,0	11,5	7,4	16,6	23,8
30 sm	22,7	12,3	8,3	16,5	23,9
P og staðsetning					
b1 Engin viðbót	21,6	10,9	7,6	16,6	24,7
b2 20 N	21,3	12,1	7,8	16,1	23,6
b3 20 N m. kart.	20,9	10,9	7,1	16,6	23,5
b4 83 MAP m. kart.	26,8	12,1	8,5	16,8	24,1
b5 166 MAP m. áb.	23,3	12,8	7,7	16,6	23,3
b6 166 MAP m. kart.	26,2	12,6	8,4	16,6	24,0
$s_{mm}$ (B-liðir, 4 reitir í mt.)	1,64	0,96	0,93	0,24	0,42

Áburðarmagn (Græðir 1) og P/flýtiáburðarliðir eru nokkuð samfléttaðir þættir (A og B) og vænta má víxlverkunar milli þeirra, ef áburður hefur áhrif á annað borð og því eru meðaltöl allra þessara liða sýnd hér á eftir. Víxlverkunaráhrif á uppskeru eru ekki marktæk, enda fékkst ekki uppskeruauki fyrir aukinn áburð. Hins vegar er víxlverkunaráhrifin á þurrefni marktæk og nálægt því að vera marktæk á bæði fjölda stórra kartaflna og sterkju ( $P=0,05-0,06$ ). Erfitt er að sjá að þau fylgi nokkurri reglu.

	Kartöflur, t/ha		Stórar/gras		Sterkja, %		Þurrefni, %		
	Græðir 1, kg/ha:	500	1000	500	1000	500	1000	500	1000
b1 Engin viðbót		19,6	23,6	7,3	7,9	17,1	16,0	25,8	23,7
b2 20 N		21,8	20,7	8,4	7,2	16,7	15,4	24,2	23,1
b3 20 N m. kart.		20,6	21,2	5,6	8,6	17,3	15,8	23,9	23,0
b4 83 MAP m. kart.		26,4	27,2	8,3	8,8	17,9	15,8	25,0	23,2
b5 166 MAP m. áb.		22,4	24,2	7,6	7,8	17,0	16,1	23,5	23,0
b6 166 MAP m. kart.		27,8	24,6	9,2	7,5	17,4	15,8	25,6	22,5
$s_{mm}$ (2 reitir í mt.)			2,32		1,01		0,31		0,36

### Tilraun nr. 905-04. P-áburður og dreifingartími N-áburðar.

Grunnáburður 500 kg/ha af Græði 1, 60N, 32P, 70K

#### A. Dreifingartími N-áburðar til viðbótar.

- a1 Enginn.
- a2 60N í Kjarna að vori.
- a3 60N í Kjarna 12.7. (eftir 8 vikur).
- a4 60N sem kalksaltpétur að vori.
- a5 60N sem kalksaltpétur 12.7. (eftir 8 vikur).
- a6 60N sem kalksaltp. 9.8. (u.þ.b. þegar hnýði fara að myndast, t.d. eftir 11–12 vikur).

#### B. P-áburður til viðbótar.

- a1 0P.
- a2 20P kg/ha.
- a3 40P kg/ha.

Þessi tilraun var hugsuð sem forkönnun á því að skipta N-áburði þótt það yrði sennilega gert á annan hátt. Ekki er talið að minniháttar P-skortur hafi áhrif á þessa áburðarliði og því er litið á mismunandi P-áburð sem endurtekningu N-áburðarliða. Reitir voru 18.

N, viðbót				Uppskera, t/ha	Fj. alls á gras	Litlar á gras	Stórar á gras	Sterkja, %	Þe., %
a1	0			20,8	12,1	3,9	8,3	17,9	24,6
a2	60	Kjarni	Vor	22,5	11,5	2,7	8,7	16,8	24,2
a3	60	Kjarni	8 v.	22,7	12,4	3,8	8,6	16,2	22,8
a4	60	Kalksp.	Vor	20,9	11,3	3,4	7,9	16,4	23,9
a5	60	Kalksp.	8 v.	24,6	11,5	2,9	8,6	15,9	21,3
a6	60	Kalksp.	12 v.	23,0	14,3	4,8	9,4	17,1	23,1
<i>s<sub>mm</sub></i> (3 reitir í mt.)				1,56	0,74	0,81	0,81	0,23	0,58
P kg/ha				0	20,5	11,5	3,5	8,0	22,4
				20	23,2	12,0	3,3	8,7	23,9
				40	23,5	13,0	3,9	16,8	23,5

### Tilraun nr. 906-04. Áhrif flýtiáburðar á uppskeruferil kartaflna.

Grunnábúður 500 kg/ha af Græði 1.

#### A. Flýtiáburður.

- a1 MAP (OptiStart) 83 kg/ha m. áburði.
- a2 MAP (OptiStart) 83 kg/ha m. kartöflum.

#### B. N-áburður.

- b1 Engin viðbót = 80 N, kg/ha.
- b2 60N kg/ha í Kjarna með áburði = 140 N, kg/ha.

3 endurt., 12 reitir. Sett var í 2 raðir, 30 sm milli kartaflna, 9 m = 31 kartafla á lengd.

Tekið var upp á viku fresti 9.–30. ágúst, alls 4 sinnum. Gengið var á enda reitanna, 5 grös í röð = 10 í reit í hvert sinn, en eitt gras skilið eftir á enda og milli upptökureita. Sleppt var grösom sem voru mjög smá og virtust hafa komið seint upp. Uppskera var vigtuð og flokkuð um 33, 45 og 55 mm og kartöflur taldar í hverjum flokki. Kartöflum í sama flokki var steipt saman og vigtaðar í lok flokkunar til að fá meðalþunga kartaflna. Það fórst þó fyrir 16. ágúst. Flokkunin hefur skilað tiltölulega jafnþungum kartöflum í flokk í hvert skipti. Í þurrefnisýni voru teknar 5 kartöflur sem voru um 40 g að meðalþyngd og helmingur hverrar kartöflu sneiddur í sýni til þurrkunar.

Dag	Stærð, mm			
	<33	33–45	45–55	>55
Meðalfjöldi á gras				
9.8.	7,6	2,8		
16.8.	6,4	4,6	0,6	
23.8.	6,2	4,8	1,4	0,03
30.8.	4,3	4,8	2,2	0,3
Meðalþungi kartöflu, g				
9.8.	10,4	27,5		
23.8.	10,2	30,7	54,9	90
30.8.	10,7	32,3	58,2	103

	9.8.	16.8.	23.8.	30.8.	9.8.	16.8.	23.8.	30.8.
<b>Kartöflur, t/ha</b>				<b>Þe., %</b>				
Ekki flýtiáburður	5,9	9,7	12,3	15,1	21,2	21,2	22,9	23,5
Flýtiáburður	9,0	13,1	15,5	20,3	21,1	21,7	23,4	24,0
80 N	7,5	11,6	14,0	17,6	21,3	21,7	23,4	23,9
140 N	7,3	11,3	13,8	17,7	21,0	21,2	22,8	23,5
<i>s<sub>mm</sub></i>	0,51	0,63	1,10	1,27	0,21	0,23	0,25	0,35
<b>Kartöflur/gras alls</b>				<b>Fjöldi 33–45 mm/gras</b>				
Ekki flýtiáburður	9,4	10,7	12,1	11,3	2,0	3,8	4,4	4,5
Flýtiáburður	11,2	12,7	12,8	11,9	3,6	5,5	5,2	5,1
<i>s<sub>mm</sub></i>	0,85	0,63	0,57	1,03	0,39	0,41	0,40	0,50

Framhald töflu á næstu síðu.

	9.8.	16.8.	23.8.	30.8.	9.8.	16.8.	23.8.	30.8.
	<b>Kartöflur/gras &gt;33 mm</b>				<b>Fjöldi 45–55 mm/gras</b>			
Ekki flýtiáburður	2,0	4,3	5,6	6,2	0,4	1,2	1,6	
Flýtiáburður	3,6	6,3	7,0	8,3	0,8	1,7	2,8	
<i>s<sub>mm</sub></i>	0,39	0,37	0,52	0,57	0,18	0,25	0,55	
	<b>Kartöflur/gras &lt;33 mm</b>				<b>Fjöldi &gt;55 mm/gras</b>			
Ekki flýtiáburður	7,4	6,4	6,6	5,1		0,02	0,17	
Flýtiáburður	7,7	6,4	5,9	3,5		0,05	0,42	
<i>s<sub>mm</sub></i>	0,89	0,34	0,66	0,88		0,03	0,15	

### Tilraun nr. 907-04. Samanburður á útsæði ræktuðu án og með gísi 2003. Jafngildi og staðsetning áburðar.

Í tilraunum í Þykkvabæ 2003 voru 2 reitir í hverri sem fengu gísi um vorið, en mismikinn K-áburð. Hugmyndin er að Ca-áburður gefi útsæði sem er þolnara fyrir sveppasmiti. Kartöflur úr þessum reitum og öðrum til samanburðar, sem höfðu að öðru leyti hlotið sömu áburðarmeðferð, voru því notaðar til útsæðis í þessari tilraun (í Háskoti T var frávik í áburðarmeðferð, sbr. fyrri skýrslu). Mistök urðu þó og aðeins úr einni tilraun var útsæði úr báðum gísireitum notað, Háskoti T, en úr hinum tilrauninum var einn gísireitur borinn saman við þrjá samanburðarreiði.

Grunnábúður var 1000 kg/ha í Græði 1. Í tilrauninni var útsæði úr hverri tilraun haldið sér líkt og um 3 tilraunir væri að ræða. Í hverri tilraun voru 8 reitir. Útsæði úr 4 reitum var notað og fengu reitir með sama útsæði mismunandi áburðarmeðferð. Annar liðurinn var alltaf Græðir 1 í áburðarrás. Til samanburðar var tvenns konar meðferð:

1. Græðir 1 í kartöflurás með kartöflum frá Háskoti T, borinn á eins og flýtiáburður.
2. Jafngildi NPK í Kjarna, þrífosfati og brennisteinssúru kalí í áburðarrás með kartöflum frá Háskoti S (Premiere) og Vatnskoti (Gullauga).

Í niðurstöðum þessarar tilraunar er ekki sýnt mat á skekkju þar sem frítölur eru fáar í hverjum hluta um sig. Leita má í töflur úr öðrum tilraunum til að fá mat á skekkju til hliðsjónar, en þess þarf þá að gæta að taka mismun á fjölda mælinga í meðaltali með í reikninginn.

#### Tilraun með útsæði frá Háskoti T 2003 og staðsetningu á Græði 1.

	Uppskeyra, t/ha	Þe., %	Sterkja, %	Kartöflur á gras	>33 mm á gras
Áburður á útsæði					
Án Ca	22,8	22,2	15,0	11,0	8,1
Með Ca	24,1	21,9	15,0	11,9	8,8
154 K	23,2	21,9	15,2	11,1	8,0
257 K	23,8	22,2	14,7	11,8	8,8
Staðsetning áburðar					
Til hliðar	23,3	22,0	14,9	11,8	8,3
Með kartöflum	23,6	22,2	15,1	11,1	8,5

#### Tilraun með útsæði frá Vatnskoti 2003 og jafngildi Græðis 1.

	Uppskeyra, t/ha	Þe., %	Sterkj, %	Kartöflur á gras	>33 mm á gras
Áburður á útsæði					
Án Ca	23,2	22,6	15,4	11,0	8,1
Með Ca	22,2	21,9	15,2	11,1	7,9
Staðsetning áburðar					
Græðir 1	22,7	21,8	15,1	11,1	8,2
Jafngildi	22,2	22,3	15,3	11,0	7,6

**Tilraun með útsæði af Premiere frá Há koti S 2003 og jafngildi Græðis 1.**

	Uppskeyra, t/ha	Þe., %	Sterkj, %	Kartöflur á gras	>45 mm á gras
Áburður á útsæði					
Án Ca	20,8	20,9	13,2	6,9	3,8
Með Ca	20,3	20,7	13,5	7,0	3,7
Áburður 2004					
Græðir 1	19,0	20,7	13,2	6,2	3,5
Jafngildi	21,7	20,7	13,8	7,8	4,0

Ljóst er að ekki finnst munur eftir Ca-áburði á útsæði. Hugmyndin með að prófa jafngildi Græðis 1 í eingildum áburðartegundum er fyrst og fremst að sjá hvort efni önnur en NPKS í Græði 1 hafi áhrif, þ.e. Ca, Mg og B. Uppskeyrumunur er reyndar nokkur í Há koti S, en þó vart marktækur. Þar var einn reitur, sem fékk Græði 1, með mun minni uppskeru en aðrir reitir, 15,7 t/ha, og reiturinn með næstminnstu uppskeruna, 17,2 t/ha, fékk einnig Græði 1. Aðrir reitir voru á bilinu 20,0–23,4 t/ha. Þessi niðurstaða gefur ekki tilefni til að álykta að efni önnur en NPKS hafi skipt máli.

**Skýrsla um verkefnið.**

Gerð verður skýrsla um þessar tilraunir. Hún verður gefin út í fáum eintökum, en væntanlega birt einnig á netinu. Þar verður fjallað ítarlegar um sumar þær niðurstöður sem hér koma fram. Þar verða einnig niðurstöður efnamælinga úr tilraunum og umfjöllun um tilraun til skynmats sem var gerð.



## Úðun á skógarkerfil

Tilraun var gerð í landi Kaupangs í Eyjafjarðarsveit með úðun á skógarkerfil. Líklega er um aflagðan kartöflugarð að ræða, þakinn skógarkerfli. Reitir voru 2×5 metrar og endurtekningar þrjár. Úðað var með Roundup (5 ml/reit í 500 ml) snemma (15. maí) og seint (28. maí), Herbamix (10 ml/reit í 500 ml) einu sinni og tvisvar (snemma og seint) og Gratil (5 ml/reit í 500 ml) seint. Mat var gert á hulu 14. júní og 5. júlí og athugasemdir skráðar.

	Meðaltal hulu, %
a. Viðmið	100
b. Roundup snemma	17
c. Roundup seint	37
d. Herbamix einu sinni	55
e. Herbamix tvisvar	33
f. Gratil seint	58

Athuganir 14. júní:

- 150 sm hátt alblómgað.
- Nánast aldautt, nokkrar veikbyggðar plöntur án blóma.
- 80 sm hátt, ljósleitt og fjólublá blöð.
- 70 sm hátt, alblómgað og eðlilegt á lit.
- 60 sm hátt, dálítið fölt og kræklótt.
- 80 sm hátt, ljósgrænt og lítið blómgað.

Athuganir 5. júlí:

- 160 sm hátt, alblómgað.
- 40 sm hátt, 40–50% dautt.
- 60 sm hátt, að sölna, einkum efri hluti plantnanna.
- 100 sm hátt og í blóma, en plöntur að sölna.
- 60 sm hátt, blómgun lokið að mestu.
- 90 sm hátt, óblómgað, plöntur vöxtulegar, en ljósgrænar og blöð fjólublá.

Athuganir 13. september:

- Mikið af fræplöntum í sverði.
- Mjög öflugar fræplöntur.
- Mikið af öflugum, grænum plöntum.
- Myndaði fræ og mikið af plöntum.
- Mikið af plöntum (gisið).
- Engin fræ hafa myndast, lítið af grænum plöntum.

Ein endurtekning í tilrauninni var úðuð með Roundup (5 ml/reit í 100 ml) þann 13. september og hugmyndin er að úða aðra endurtekningu vorið 2005.

## Kynbætur á háliðagrasi (132-9945)

### Samanburður á íslensku og erlendu háliðagrasi, Korpu.

Vorið 1999 var 5 söfnum af íslensku háliðagrasi sáð í tilraun með þremur erlendum yrkjum. Lítið var til af íslensku fræi og takmarkaði það stærð reitanna og einungis var til nægilegt fræ af einni íslenskri línu (Ís1) í tvo reiti í fullri lengd. Full reitastærð var 1,4×8 m og endurtekn-ingar 2. Ís2 var í tveimur 3,5 m<sup>2</sup> reitum, Ís3 í einum 5 m<sup>2</sup> reit, Ís4 í einum 3 m<sup>2</sup> og Ís5 í einum 1 m<sup>2</sup> reit. Borið var á tilraunina 15.5., 100 kg N/ha í Græði 6 og síðan 60 N eftir 1. slátt og 60 N eftir 2. slátt í sömu áburðartegund. Tilraunin var slegin 22.6., 22.7. og 20.8.

*Uppskerutölur fyrir Ís3 og Ís4 í skýrslunni fyrir árið 2002 voru ekki réttar. Heildaruppskera fyrir Ís3 átti að vera 61,3 hkg/ha og fyrir Ís4 64,8 hkg/ha. Tekið er tillit til þessa í meðaltali 4 og 5 ára. Þau mistök urðu hins vegar í skýrslunni 2003 að niðurstöður fyrir 2002 birtust aftur í stað talnanna frá 2003. Árin 2003 og 2004 koma því bæði með núna.*

Árið 2003:

	Uppskera þe. hkg/ha				Illgresi, %, 2.sl. 2003	Mt. 4 ára
	1. sl.	2. sl.	3. sl.	Alls		
Ís2	43,4	13,5	25,5	82,4	5	72,6
Ís4	34,3	17,2	22,4	73,9	5	69,4
Ís3	49,7	13,3	24,3	87,2	5	71,3
Ís1	44,7	13,9	25,7	84,2	7	69,7
Lipex	49,7	12,3	27,6	89,6	25	70,5
Seida	46,6	13,1	24,8	84,5	17	70,3
Barenbrug	44,2	12,7	26,9	83,8	15	67,2
Staðalfrávik	5,9	1,0	1,5			

Árið 2004:

	Uppskera þe. hkg/ha				Mt. 5 ára
	1. sl.	2. sl.	3. sl.	Alls	
Ís2	43,3	21,1	18,3	82,7	74,7
Lipex	43,8	16,8	19,5	80,1	72,4
Ís3	43,9	14,1	14,9	72,9	71,6
Ís4	40,5	19,5	20,0	80,1	71,5
Ís1	42,0	18,6	17,0	77,6	71,3
Seida	40,8	17,1	16,0	73,9	71,0
Barenbrug	38,8	16,6	18,3	73,7	68,5
Staðalfrávik	2,1	0,2	1,7		


## Framleiðslukerfi byggð á ræktun belgjurta til fóðurs (132-9498)

### Lífeðlisfræðilegar mælingar í hvítmára, Korpu.

Þróttur var metinn í öllum reitum, bæði hjá ÁH smára og PM smára, sumarið 2004. Þar með er öllum mælingum lokið. Tilraunin var ekki slegin. Niðurstöður voru kynntar á vinnuhóps-fundi og ráðstefnu COST 852 í Ystad, Svíþjóð í september.

Lokið var við fitusýrumælingar í fyrra.

**Hlutfall mettaðra og ómettaðra (óm/m) fitusýra í hvítmára, meðaltal fyrir allar víxlanir. ÁH (2002) og PM (2003). Staðalfrávik eru sýnd.**



Niðurstöður ríma við fyrri athuganir sem sýna að plönturnar innihalda hlutfallslega meira magn af ómettuðum fitusýrum við hörðun að hausti. Hlutfall óm/m fitusýra jókst ( $P < 0,001$ ) þegar leið á haustið, nema frá 15. okt. til 26. nóv. í ÁH smára. Októbermánuður það ár (2002) var mjög kaldur og plönturnar líklega orðnar hertar þegar í október.

**Fitusýrusamsetning í ÁH smára (mg/g þe.). Víxlanirnar eru flokkaðar eftir norska foreldrinu Norstar (alls 16 víxlanir) eða HoKv9238 (alls 13 víxlanir).**

Sýna- tökudagur	Foreldri	Mettaðar (m fs)	Ómettaðar (óm fs)	óm fs/ heildar fs	18:1	18:2	18:3
2. sept.	HoKv9238	12,23	16,08	1,40	2,73	6,12	6,92
	Norstar	12,50	14,90	1,24	2,83	5,51	6,21
15. okt.	HoKv9238	9,15	15,50	1,65	1,93	6,65	5,60
	Norstar	10,03	14,32	1,49	2,32	6,29	5,38
26. nóv.	HoKv9238	9,62	13,43	1,50	1,89	6,60	4,83
	Norstar	6,224	13,30	1,53	1,84	6,49	4,84
S.e.d.	Dags.	***	***	***	***	***	***
	Foreldri	***	em	***	***	***	**
	Dags.xforeldri	**	***	*	*	***	***

\*  $P < 0,5$ , \*\*  $P < 0,01$ , \*\*\*  $P < 0,001$ , em = ekki marktækt.

Heildarmagn fitusýra minnkaði frá fyrsta sýnatökudegi til þess síðasta. Það var einungis ómettaða fitusýran línólín (18:2) sem jókst. Samspilið á milli sýnatökudags og foreldris er einungis marktækt fyrir fitusýrurnar 18:2 og 18:3. Þetta eru þær fitusýrur sem skipta mestu máli í kuldæpli frumunnar. Þær víxlanir sem höfðu HoKv9238 sem annað foreldri höfðu herra hlutfall af 18:2 og 18:3 en víxlanir með Norstar sem annað foreldri.

Nú er unnið að gerð tveggja greina, annars vegar um mælingar á útlitseiginleikum og hins vegar um fitusýrumælingar og mælingar á VSP próteinum.

## Frærækt (132-1144)

### Endurnýjun á stofnfræi

Beringspuntinum Tuma og snarrótinni Teiti var sáð í fræræktarreiti á Korpu sumarið 2002, um 1500 m<sup>2</sup> spildu af hvoru yrkinu um sig. Fræ skorið haustið 2004. Gott stofnfræ fékkst af Tuma, nær 50 kg, en lítið af snarrótinni. Verður aftur reynt haustið 2005.

Sprotum af vallarfoxgrasinu Öddu, sem voru sóttir í gamalt hnausasafn á Geitasandi, var fjölgað og sett í hnausasafn á skjólgóðum stað á Korpu 10. júní. Náðust 4 sprotar af alls 73 plöntum og var þeim plantað í polycross.

Fræ tekið úr hnausasafni af íslenska stofninum R1Pop8904. Fræseta ágæt.

Af túnvingli, Leifi heppna, sem settur var í nýtt safn 2003, náðist nokkuð gott fræ, en hnaus-unum verður viðhaldið og reynt að fá meira fræ.

Tveir valhópar af háliðagrasi eru í hnausasöfnum á Korpu og 4 hópar eru á Geitasandi. Fræ var skorið um haustið.

## Frærækt fyrir Norræna genbankann (132-9907)

Á undanförunum árum hefur jarðræktardeild séð um endurnýjun á nokkrum grasstofnum sem eru í vörslu Norræna genbankans (NGB). Tekið var fræ af þeim sex stofnum sem settir voru í hnausasöfn árið 2003. Fræ var gott og þarf ekki að rækta áfram.

## Frærannsóknir (161-1105)

Gæðaprófanir á sáðvöru voru með hefðbundnum hætti á Möðruvöllum. Prófanir eru gerðar til að votta spírunarhæfni og hreinleika sáðvöru, sem framleidd er hér á landi og ætluð til sölu. Einnig kemur til prófunar innflutt sáðvara, sem hefur úrelt gæðavottorð.

## Frærækt innlendra landbótaplantna (132-9346)

Fjölmarginir stofnar belgjurta eru varðveittir á Geitasandi á Rangárvöllum. Eru þetta bæði innlendir og erlendir stofnar, afrakstur nokkurra söfnunarferða á árunum 1992–1997. Er um að ræða hátt í 100 stofna sem varðveittir eru.

Fræverkunarstöðin í Gunnarsholti fékk mest allt fræið og var það notað til að búa til nýja frækra og í frumprófun tegundanna á landgræðslusvæðum.

## Ræktun á röskuðum svæðum (132-9487)

### Uppgræðsla vegfláa með innlendum úthagategundum.

Markmið þessa verkefnis er að prófa ýmsar tegundir, sem ekki hafa verið reyndar áður við uppgræðslu vegfláa. Grastegundir hafa verið í vegfláatilraunum og þær eru almennt notaðar við uppgræðslu vegfláa. Augljós galli þeirrar notkunar er þó, að vegfláinn sker sig oft úr umhverfinu. Grastegundir þarfnast einnig áburðargjafar ef þær eiga að vaxa vel. Um haust þarf oft að slá efsta hluta vegfláans til að minnka snjósöfnun. Margar innlendar plöntutegundir vaxa vel án áburðargjafar og falla algjörlega um haust. Þá verður lítil sem engin sına eftir sem getur bundið snjó. Þetta verkefni hófst haustið 2001 með því að innlendum úthagategundum var ýmist sáð, plantað eða komið fyrir heilum í gróðurtorfum í vegfláa í Hrunamannahreppi. Reitirnir eru 12 m<sup>2</sup> að stærð.

Sáðblanda		Tegundir í torfum		Útplöntun, forræktað í gróðurhúsi
Sex reitir, haust 2001 og vor 2002		Fjórir reitir, haust 2001		Nú reitir, sumar 2002 og 2003
Rauðsmári	10,0 g	Gulmaðra (ríkjandi)		Vallerta
Baunagras	5,0 g	Hvítmaðra		Eyrarrós
Umfeðmingur	5,0 g	Krossmaðra (ekki í öllum)		Baunagras
Hvítsmári	5,0 g	Hálíngresi		Holtasóley
Gullkollur	2,0 g	Túnvingull	Kornsúra	Umfeðmingur
Blámjalta	0,2 g	Vallhæra	Vallelfting	Gulmaðra
Birki	1,0 g	Stinnastör	Klólfting	Giljaflækja
Túnvingull	1,0 g	Þursaskegg	Túnsúra	Kattartunga
		Blóðberg	Hrafnaklukka	

Sáning: Notað var jarðvegssmit fyrir gullkoll, baunagras og umfeðming en bakteríusmit fyrir smára og blámjöltu.

Gróðurtorfur: Torfurnar voru sóttar í nágrennið, 15×10 sm að stærð og um 15 sm þykkar.

Útplöntun, einstakar tegundir: Plantað var a.m.k. 10 plöntum í hvern reit, svolítið mismunandi eftir tegundum.

Í júní 2002 fengu allir reitir lágan skammt af áburðarsalti (blákorn 12-12-17-2, 300 kg/ha). Þetta er eina áburðargjöfin sem tilraunareitirnir hafa fengið.

#### Mat í júní 2002.

Gróðurtorfur: Gulmaðra og língresi voru mest áberandi. Krossmaðra, hrafnaklukka og blóðberg fundust aðeins í sumum hnausunum. Stinnastör, kornsúra og elftingar þoldu flutning illa.

Sáðreitir: Athuguð var spírun og höfðu baunagras, umfeðmingur, hvítsmári, rauðsmári, gullkollur og túnvingull spírað, en ekki sást spírun hjá birki og blámjöltu.

#### Mat í október 2002.

Sáðreitir: Í vorsáningarreitum voru rauðsmári og hvítsmári mest áberandi, þekjan 60–80%. Á milli sáðreita var talsvert af ljónslöpp, vegarfa og skurfu. Fræ þeirra tegunda hefur komið með jarðvegi sem ýtt var í fláann. Umfeðmingur fannst svo og gullkollur sem var meira áberandi þar sem ekki hafði verið borið á. Í haustsáningarreitum voru rauðsmári og hvítsmári áberandi, þekja 10–20%. Baunagras fannst en var fölt en samt smitað með rótarhnýðisbakteríum og plönturnar voru stórar þar sem þær voru. Umfeðmingur, gullkollur og varpasveifgras fundust svo og túnvingull sem var þó lítt áberandi.

#### Vegflái í Hrunamannahreppi. Mæling á þekju og framvindu, samantekt 2003–2004.

Mælingar miðuðu að því af finna hvernig einstöku tegundum hefur reitt af.

Sáðreitir frá 2001:

Reitur	Tegund	Haust 2003		Haust 2004		
		Mesta úþpensla plöntu með renglu, sm×sm	Þekja, % af reit	Mesta úþpensla plöntu með renglu, sm×sm	Þekja, % af reit	
1	Hvítsmári	30×30	30		40	
	Rauðsmári		20		30	
	Túnvingull		20		20	
	Vallarsveifgras		10		10	
	Hundasúra		15		*	
	Umfeðmingur		10×15	5	30×40	20
	3		Hvítsmári	3×3		10×10
Rauðsmári		5			10	
Túnvingull		40			50	
Varpasveifgras		*				
Hundasúra		15			5	
Umfeðmingur		30×30	5		30×40	15
Gullkollur		5			10	
Giljaflækja		*			5	
5	Hvítsmári	5×5	10	10×10	15	
	Rauðsmári				5	
	Túnvingull		5		15	
	Vallarsveifgras		*		*	
	Hundasúra		*			
	Umfeðmingur		10×10	10	30×30	15
	Língresi		5		5	
	Vegarfi		*			
6	Hvítsmári	40×40	20	40×40	20	
	Rauðsmári		*		15	
	Túnvingull		5		5	
	Vallarsveifgras		5		5	
	Hundasúra		*			
	Umfeðmingur		40×40	25	40×50	30
	Gullkollur		5		5	
	Giljaflækja		*		15×15	10
8	Hvítsmári	5×5	10	10×10	10	
	Rauðsmári		*		10	
	Túnvingull		5		10	
	Vallarsveifgras		5		5	
	Hundasúra		5		*	
	Umfeðmingur		10×10	10	10×15	15
	Gullkollur		5		10	
	10		Hvítsmári	20×20	5	25×25
Rauðsmári		*			5	
Túnvingull		5			15	
Vallarsveifgras		5			*	
Hundasúra		10			5	
Umfeðmingur		30×30	*			15
Gullkollur		*			5	
Giljaflækja		*			10×15	5

\* Tegund sást.

Gróðurtorfur frá 2001:

Reitur	Tegund	Haust 2003		Haust 2004	
		Mesta útpensla plöntu með renglu, sm×sm	Þekja, % af reit	Mesta útpensla plöntu með renglu, sm×sm	Þekja, % af reit
2	Língresi		50		45
	Rauðsmári		30		30
	Hundasúra		5		5
	Gullkollur		10		15
	Vallarsveifgras		10		10
	Vegarfi		10		5
	Gulmaðra		5		5
	Klólélfting		*		
	Krossmaðra		*		*
	Hvítmaðra		5		*
4	Língresi		25		25
	Rauðsmári		2		15
	Hundasúra		3		*
	Gullkollur				*
	Vallarsveifgras		10		5
	Gulmaðra		*		*
	Hvítmaðra		5		*
	Vegarfi		*		
7	Língresi		40		40
	Rauðsmári		*		*
	Hundasúra		5		*
